# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

177. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 29. JÚLÍ 2017




# Dýrmætur tími til spillis

**Krabbameinsveikir þurfa að eyða dýrmætum tíma í að ganga á milli stofnana og glíma við skrifræðið, segir Lára Jóhönnudóttir sem bendir á háan kostnað og bresti í kerfinu hvað varðar þjónustu við krabbameinsveika. Lára greindist með brjóstakrabbamein í vetur og missti móður sína úr sama meini sautján ára gömul.** ➜18

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Spenntur að komast til fjölskyldunnar

John Snorri er á leið niður af K2. ➜2



## Hetja eða skúrkur?

Umdeildur forsætisráðherra Indlands. ➜22

## Ferskir kokteilar

Sérfræðingar spá í svölustu sumardrykkina. ➜14



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Gear Fit 2

4.990 kr.

Fullt verð: 29.990 kr.

Gear S3

19.990 kr.

Fullt verð: 59.990 kr.



Samsung snjallúr

á fantagóðu verði þegar þú kaupir Samsung Galaxy S8 síma.



siminn.is/sumarvorur

## Veður




Norðaustankaldi í dag, en allhvasst eða hvasst undir Vatnajökli. Dálítil væta norðan og austan til og fremur svalt í veðri, en annars bjartviðri og hlýtt. SJÁ SÍÐU 34

# Játar að hafa brotist inn

**SAKAMÁL** Karlmaður sem sætir ákæru vegna gruns um að hafa brotist inn í íbúð í Hafnarfirði og áreitt tólf ára stúlku kynferðislega í maí síðastliðnum játaði innbrotið þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness fyrr í mánuðinum. Hann neitaði hins vegar að hafa brotið á stúlkunni.

Maðurinn er sakaður um að hafa brotist inn á heimili fjölskyldu í Hafnarfirði þann 5. maí síðastliðinn, farið inn í svefnherbergi stúlkunnar og strokið henni um bak, farið undir nærbol hennar og niður á mjöðm. Þá er hann sagður hafa skriðið upp í rúm til stúlkunnar og reynt að strjúka henni meira, en stúlkunni tókst að lokum að læsa sig inni á baðherbergi. Maðurinn var í framhaldinu handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 2. ágúst næstkomandi. Hann var látinn laus nýverið, en að sögn Kolbrúnar Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara voru ekki lengur skilyrði samkvæmt lögum til þess að fara fram á áframhaldandi gæsluvarðhald.

**Lögreglan handtók manninn í byrjun maí en honum var nýverið sleppt úr gæsluvarðhaldi.**

Maðurinn er einnig grunaður um blygðunarsemisbrot en hann er sakaður um að hafa farið upp að baðherbergisglugga þann 4. maí síðastliðinn og horft á konu þar sem hún stóð fáklædd og berbrjósta. Þá var maðurinn grunaður um tvö önnur brot, kynferðisbrot og tilraun til húsbrota, sama dag og hann braust inn til fjölskyldunnar. Hann sætti gæsluvarðhaldi frá handtöku 5. maí. Aðalmeðferð málsins verður þann 28. ágúst næstkomandi. **– sks**

# Stoltar druslur föndruðu skilti




Undirbúningur hinnar árlegu Druslugöngu var í fullum gangi á Lofti hosteli við Bankastræti þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði um klukkan átta í gærkvöld. Þar mátti sjá heimatilbúin skilti skreytt slagorðum í anda göngunnar og skilaboðum eins og „Minn fokking líkami“ og „Höfum hátt“. Gangan hefst í dag kl. 14.00 og farið verður frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg og á Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Hlaup hafið í Múlakvísl

**NÁTTÚRA** Lítið jökulhlaup hófst í Múlakvísl í gærkvöldi.

„Yfir síðustu klukkustundir virðist hafa aðeins aukist í ánni en rafleiðni hefur haldist stöðug frá því í morgun. Við erum óviss hvort þetta muni fjara út eða verða að stærra jökulhlaupi,“ sagði veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands þegar Fréttablaðið náði tali af honum á tíunda tímanum í gærkvöldi.

„Þetta er eitthvað sem við þurfum að fylgjast með. Það eru engin merki um að þetta verði stórt eins og er, við verðum bara að hafa augun á mælunum okkar,“ sagði veðurfræðingurinn.

Aukin hætta er á jökulhlaupi í Múlakvísl og á Mýrdalssandi eftir snarpan jarðskjálfta í Kötlu í fyrrakvöld. Almannavarnir hafa þegar lokað áningarstað við Múlakvísl og takmarkað umferð á gamla veginum um Mýrdalssand. **– þea**




# Hlakkar til heimkomu eftir afrekið mikla á K2

**John Snorri Sigurjónsson komst upp á topp hins ógnarháa fjalls K2 í gær. Ferðalagi hans er þó hvergi nærri lokið. Langar til að komast heim en John Snorri á um tveggja vikna ferðalag fram undan. Pólfari segir afrekið gríðarlegt.**

**SAMFÉLAG** „Vonandi kemst hann til landsins sem fyrst. Ég veit hann langar heim,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Lífs, styrktarfélags kvennadeildar Landspítalans, um John Snorra Sigurjónsson. Hann komst upp á topp eins illkleifasta fjalls veraldar, K2, fyrstur Íslendinga í gær. Safnaði John Snorri styrkjum fyrir félagið á meðan á göngu stóð.

Hjördís telur að John Snorri eigi um tveggja vikna ferðalag fram undan. Hann er væntanlegur niður í grunnbúðir K2 í dag, sem er óvænt að sögn Hjördísar. „Þeir ætluðu sér að fara niður í skrefum.“

Fljótlega eftir komuna í grunnbúðirnar mun John Snorri halda niður fjallið með föruneyti sínu. Tekur þá við fimm til sex daga ganga niður í byggð. „Þegar þangað er komið þurfa þeir að koma sér í flug áleiðis til Íslands. Þetta verður um það bil tveggja vikna ferðalag,“ segir Hjördís.

Í samtali við fréttastofu í gær sagði John Snorri að ferðalagið niður fjallið væri í raun erfiðasti hluti leiðangursins. „Þegar maður er á leiðinni niður þá snýr maður baki í fjallið og þá er miklu erfiðara að vera var um sig varðandi snjóflóð og grjóthrun.“

Hjördís segir söfnunina hafa tekið kipp síðustu klukkutímana áður en tindi var náð. Þá hafi hún einnig aukist eftir því sem John Snorri færðist nær toppi fjallsins. Styrktarféð verður nýtt í samráði við deildarstjóra kvennadeildarinnar og nefnir Hjördís að til dæmis gæti það verið nýtt í skoðunarbekki og skoðunarljós. Hjördís sagðist þó ekki geta gefið upp hversu mikið hefði safnast.



John Snorri Sigurjónsson varð fyrstur Íslendinga upp á K2. MYND/KÁRI SCHRAM

**Hann er ekki bara búinn að klífa eitt 8.000 metra fjall. Hann er búinn að klífa tvö á mjög stuttum tíma.**



Vilborg Arna Gissurardóttir, göngugarpur og pólfari

Annar ofurhugi og fjallgöngugarpur, Vilborg Arna Gissurardóttir, sagði vægt til orða tekið þegar Fréttablaðið spurði hana hvort um mikið afrek væri að ræða. „Þetta er gríðarlega mikið afrek,“ sagði Vilborg sem hefur sjálf meðal annars klifið Everestfjall.

„Það sem ég vil líka leggja áherslu á, og finnst hafa gleymst í umræðunni, er að hann er ekki bara búinn að klífa eitt 8.000 metra fjall. Hann er búinn að klífa tvö á mjög stuttum tíma,“ segir Vilborg.

thorgnyr@frettabladid.is, adalheidur@frettabladid.is


LEXUS NX
SKARPARI Á
ALLA KANTA
NX
Lexus NX hefur skarpari línur og sker sig úr fjöldanum með sportlegri hönnun sem gleður augað frá öllum sjónarhornum. Að innan státar Lexus NX af skjá með 360 gráðu sjónsviði og Mark Levinson Premium Surround hljóðkerfi sem magnar seiðandi aðdráttarafl hans – hvar sem hann kemur.
Verð frá 6.930.000 kr.
lexus.is
Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Garðabæ | Sími: 570 5400
NX | LEXUS

**TÖLUR VIKUNNAR** 23.07.2017 – 29.07.2017

**14,15%**

er hlutur Kaupfélags Skagfirðinga í Árvakri, útgefanda Morgunblaðsins.

**57**

**er númer**

þeirrar strætóleiðar sem hefur verið mest álag á vegna heimsmóts skáta sem fer fram hér á landi. Leiðin fer upp að Esju.






**6,1%**

mælist fylgi Flokks fólksins á landsvísu. Formaðurinn, Inga Sæland, verður oddviti listans í komandi borgarstjórnarkosningum.



**200 milljónum**

króna telur borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina að ríkið hafi orðið af á því að bíða ekki með að selja fasteignir við Laugaveg 4 og 6 og Skólavörðustíg 1a.

**3-0**

**fór síðasti leikur**

íslenska landsliðsins í knattspyrnu kvenna á Evrópumeistaramótinu í Hollandi. Tapaði liðið öllum þremur leikjum sínum og datt úr leik eftir riðlakeppni.



## Þrjú í fréttum

### Risa kúrbítur, friðlýsing og slegist um iðnnema

**Kristín Sigurðardóttir**
*kennari*



vakti athygli þegar hún greindi frá því að hún hefði óvart ræktað risa kúrbít sem var 60 sentimetrar á lengd og 3,5 kíló. Kristín eldaði svo kúrbítinn fyrir fjölskyldu sína í Eyjafjarðarsveit en kúrbíturinn stóri reyndist því miður óætur.

**Björt Ólafsdóttir**
*umhverfis- og auðlindaráðherra*



undirritaði friðlýsingu Jökulsárlóns og svæða sem liggja að lóninu en með friðlýsingunni er svæðið fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Staðfestingin á friðlýsingunni fór fram á bökkum lónsins við látlausa athöfn. Með þessu nær þjóðgarðurinn nú frá hæsta tindi landsins og niður að fjöru.

**Ársæll Guðmundsson**
*skólameistari Borgarholtsskóla*



greindi frá því að hringt væri í skólann og beðið eftir iðnmenntuðum nemendum. Hann segir augljóst að það vanti miklu meira af iðnmenntuðu fólki út í atvinnulífið. Tölur Vinnumálastofnunar sýna að atvinnuleysi er minna meðal þeirra sem hafa lokið iðnnámi en stúdentsprófi.

# Óttast að þolendur vilji ekki skemma partíið með kæru

**Yfirlýsingar forsvarsmanna Eistnaflugs um að tónlistarhátíðin verði ekki haldin aftur ef kynferðisbrot verður framið fælir þolendur frá því að kæra, að mati Aflsins. Hátíðinni verður ekki sjálfkrafa hætt vegna einangraðs atviks, segir framkvæmdastjóri Eistnaflugs. Ábyrgðin sé alltaf þess sem beiti ofbeldinu.**



Eistnaflug hefur verið haldin árlega síðan sumarið 2005. MYND/FREYJA GYLFADÓTTIR

**SAMFÉLAG** Yfirlýsingar um að þungarokkshátíðin Eistnaflug í Neskaupstað leggist af verði kynferðisbrot framið þar fæla þolendur frá því að kæra. Þetta segir verkefnastjóri hjá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, og gagnrýnir yfirlýsingar forsvarsmanna Eistnaflugs síðustu ár.

„Þetta hefur áhrif á þolendur, það er alveg klárt mál. Þolendur eru alltaf í sjálfsásökun og það er mjög ríkt í þeim að vilja ekki skemma partíið og þarna er beinlínis um það að ræða því skilaboðin eru: „Þú skemmir partíið ef þú kærir.“ Þetta getur haft alvarleg áhrif fyrir þolendur kynferðisofbeldis og því er brýnt að þeir dragi yfirlýsinguna afdráttarlaust til baka,“ segir Hjalti Ómar Ágústsson, verkefnastjóri hjá Aflinu, en samtökin voru með viðveru á Eistnaflugi fyrr í mánuðinum.

Í kjölfar umræddra yfirlýsinga Stefáns Magnússonar, upphafsmanns Eistnaflugs, hafa áskoranir gengið á samfélagsmiðlum á liðnum árum til skipuleggjenda annarra útihátíða með hvatningu um sams konar stefnu.

Í svörum forsvarsmanna Eistnaflugs til Fréttablaðsins, vegna gagnrýni Aflsins, kemur fram að unnið sé náið með lögreglu, Heilbrigðisstofnun Austurlands og starfsmönnum Aflsins meðan á hátíðinni stendur. Þá séu gestir hennar óspart minntir á að leita eigi aðstoðar og kæra hvers kyns ofbeldi til lögreglu.

> Örlög hátíðarinnar eru hvorki í höndum eins manns né einangraðs atviks.
>
> Karl Óttar Pétursson, framkvæmdastjóri Eistnaflugs



„Ég gerði mér strax grein fyrir þeirri ábyrgð sem þessari yfirlýsingu fylgdi og henni hefur ekki verið flaggað síðan ég kom fyrst að framkvæmd hátíðarinnar árið 2014 þótt hún lifi kannski einhvers staðar áfram,“ segir Karl Óttar Pétursson, framkvæmdastjóri Eistnaflugs.

„Það er hins vegar alveg ljóst að hátíðinni verður ekki sjálfkrafa hætt í kjölfar eins kynferðisbrots. Örlög hátíðarinnar eru hvorki í höndum eins manns né einangraðs atviks heldur yrði slík ákvörðun alltaf tekin í stærra samhengi,“ segir Karl Óttar. Hann ítrekar áherslu Eistnaflugs gegn ofbeldi og að þeir sem beiti því skemmi hátíðina en ekki þolandinn sem kærir ofbeldið.

Aðspurður hvort starfsfólk Aflsins hafi aðstoðað gesti hátíðarinnar vegna kynferðisofbeldis á Eistnaflugi segist Hjalti ekki geta tjáð sig um það.

„Okkar hlutverk er alltaf að vernda skjólstæðinga og við erum ekki að fara í opinbera umræðu um það sem kemur fyrir þá. Vandamálið með Eistnaflug til dæmis er að þegar á sér stað nauðgun þar og hún er ekki kærð til lögreglu, þá er enginn vettvangur til að ræða málið öðruvísi en að það komi mjög illa við fólk því þá fara menn að grennslast fyrir um hver hafi orðið fyrir ofbeldinu og þá er þolandinn settur í mjög vonda stöðu.“

adalheidur@frettabladid.is





**Gönguferðir um ströndina og þorpin í Cinque Terre á Ítalíu, á svæði sem býr yfir óviðjafnanlegri náttúrufegurð, menningu og sögu.**

Cinque Terre heitir eftir fimm þorpum sem virðast hanga utan í bröttum hlíðunum en svæðið er í raun einn þjóðgarður og er í heild sinni á heimsminjaskrá UNESCO. Þarna mynda fallegar hafnir, fullar af litskrúðugum fiskibátum og þröngum strætum mjög sérstaka stemmningu.

Göngurnar er í um 4–6 klst. á dag og flokkast ferðirnar sem léttar til miðlungserfiðar og henta því flestum sem eru í nokkuð góðu formi.

Heimsferðir


# Enn óljóst hvernig kísilverið mun borga



United Silicon þarf að greiða ÍAV fyrir lok næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**IÐNAÐUR** Fimm dögum eftir að gerðardómur féll er enn ekki ljóst hvernig United Silicon mun greiða verktakafyrirtækinu ÍAV rúman milljarð króna vegna ógreiddra reikninga kísilversins í Helguvík. Samkvæmt gerðardómi þarf greiðsla að berast í lok næstu viku.

„Við getum ekki svarað þessu, það er verið að vinna í málinu og það er engin niðurstaða komin í þetta,“ segir Kristleifur Andrésson, upplýsingafulltrúi United Silicon, spurður um hvernig félagið hyggst greiða fjárhæðina.

„Það er enn verið að fara yfir dóminn og skoða alls kyns forsendur og svo eru lögmenn félagsins að vinna í málinu,“ segir hann.

Hluthafaskrá United Silicon hefur ekki verið uppfærð og ekki fengust upplýsingar um hverjir væru núverandi eigendur þegar óskað var eftir því.

Ekki hefur verið óskað eftir aðstoð frá Festu lífeyrissjóði, hluthafa í kísilverinu, til að greiða fjárhæðina. „Það hefur ekki verið óskað eftir því við okkur. Slíkar fyrirspurnir fara fyrir stjórn hjá lífeyrissjóðnum og fjárfestingaákvarðanir eru teknar út frá fyrirliggjandi upplýsingum og stjórnarákvörðun,“ segir Baldur Snorrason, sjóðsstjóri hjá Festu lífeyrissjóði.

Fyrirspurn var send á Frjálsa lífeyrissjóðinn sem á hlut í kísilverinu en ekki náðist samband við framkvæmdastjórann vegna málsins.

Ekki fengust upplýsingar frá Arion banka sem á hlut í United Silicon um hvort bankinn myndi veita fyrirtækinu lán eða annars konar fjárhagsaðstoð. Arion banki er jafnframt stærsti lánveitandi verkefnisins. – sg


SPORTS DIRECT
NÝ SENDING Í HVERRI VIKU
NO FEAR BAKPOKAR
EINNIG TIL AÐRAR TEGUNDIR OG LITIR
MEGA VALUE
VERÐ FRÁ 3.790 KR.
GELERT ÚTIVISTARSOKKAR
EINNIG TIL Í BARNASTÆRÐUM
2 FYRIR 1.790 KR.
1.190 KR.
KARRIMOR 1L BRÚSI
MEGA VALUE
1.490 KR.
ADIDAS HETTUPEYSUR
2 FYRIR 15.490 KR.
9.890 KR.
KAPPA STRIGASKÓR
TIL Í STÆRÐUM 41-45
MEGA VALUE
VERÐ FRÁ 2.990 KR.
HOT TUNA BAKPOKAR
EINNIG TIL AÐRAR TEGUNDIR OG LITIR
MEGA VALUE
VERÐ FRÁ 2.990 KR.
SLAZENGER HETTUPEYSUR
TIL Í STÆRÐUM XS-4XL
2 FYRIR 5.190 KR.
3.590KR.
SLAZENGER BAKPOKAR
EINNIG TIL AÐRAR TEGUNDIR OG LITIR
MEGA VALUE
VERÐ FRÁ 2.590 KR.
KANGOL STÍGVÉL
TIL Í STÆRÐUM 37-42
MEGA VALUE
4.990 KR.
GELERT TJALD
MEGA VALUE
7.190 KR.
KARRIMOR ÚTIVISTARSOKKAR
EINNIG TIL FYRIR KONUR
2 FYRIR 2.790 KR.
1.790 KR.
GELERT GÖNGUSKÓR
TIL Í STÆRÐUM 41-47
MEGA VALUE
7.990 KR.
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.
SPORTS DIRECT
Skógarlind 2
Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18
LONSDALE LONDON
karrimor
PUMA
Slazenger
adidas
SPORT DIRECT
Reykjanesbraut
Hin Fullkomna Gjöf
Gildir í verslunum Sportsdirect á íslandi!
SPORTS DIRECT
GJAFAKORT




Heildartekjur Icelandair Group námu um 370 milljónum dala á öðrum fjórðungi ársins og jukust um ellefu prósent á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Icelandair enn í vanda statt

**Hlutabréf í Icelandair Group féllu um 7,7 prósent í verði eftir að félagið birti uppgjör fyrir annan fjórðung ársins. Þrátt fyrir tekjuvöxt á milli ára eru enn blikur á lofti. Búast má við aukinni samkeppni.**

**VIÐSKIPTI** Þrátt fyrir ágætan tekjuvöxt og fyrirséðan afkomubata er flugfélagið Icelandair Group ekki enn komið fyrir vind, að mati viðmælenda Fréttablaðsins á fjármálamarkaði. Þeir benda á að samkeppni í flugi á Norður-Atlantshafi sé enn mikil og fari vaxandi og áfram sé útlit fyrir að fargjöld haldist lág.

„Við sjáum að víða hafa flugfélög miklar áhyggjur af áframhaldandi þrýstingi á verð,“ segir einn viðmælandi blaðsins. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir ljóst að samkeppnin sé að aukast. „Leikreglurnar hafa breyst og við þurfum að bregðast við því. Við trúum því að félagið sé í þeirri stöðu að geta tekist á við samkeppnina og aukið þjónustuframboð og tekjur til lengri tíma litið,“ nefnir hann.

Hlutabréf í Icelandair Group hríðféllu, um 7,7 prósent, í verði í ríflega 880 milljóna króna viðskiptum í gær eftir að félagið birti uppgjör fyrir annan fjórðung ársins.

Eftir nánast linnulausa velgengni, þar sem bréf flugfélagsins meira en tífölduðust í verði á árunum 2010 til 2016, hefur farið að síga á ógæfuhliðina hjá félaginu.

Alls hafa bréfin lækkað um 33 prósent í verði eftir að félagið birti kolsvarta afkomuviðvörun í byrjun febrúarmánaðar þar sem varað var við því að EBITDA-hagnaður – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – yrði 140 til 150 milljónir dala og myndi dragast saman um þrjátíu prósent á árinu. Stjórnendur félagsins hafa nú hækkað spána í 150 til 160 milljónir dala, en það virðist ekki duga til þess að lægja öldurnar.

Arnar Ingi Jónsson, hlutabréfagreinandi hjá hagfræðideild Landsbankans, segir að af lækkuninni á hlutabréfaverði Icelandair Group í gær megi sennilega ráða að markaðurinn hafi vænst betra uppgjörs.

„Það var ýmislegt jákvætt í uppgjörinu. Til dæmis er ágætur vöxtur í tekjum af farþegaflutningum. Tekjur á seldan sætiskílómetra lækka vissulega á milli ára en batna á milli ársfjórðunga og hefur dregið nokkuð úr lækkunarþrýstingi á þeim,“ segir hann og bætir við að stjórnendur félagsins hafi auk þess bent á að innleiðing þeirra aðgerða sem þeir gripu til í kjölfar afkomuviðvörunarinnar í febrúar gangi samkvæmt áætlun.

Hins vegar hafi launakostnaður reynst mjög hár á tímabilinu og hækkað umtalsvert meira á milli ára en búist hafði verið við. Laun og annar starfsmannakostnaður hækkaði um 39 prósent á milli ára, sem er verulega umfram það sem nemur styrkingu krónunnar á sama tíma, en að sögn stjórnenda Icelandair Group má rekja hækkunina til aukins umfangs og gengisstyrkingar krónunnar.

> Við trúum því að félagið sé í þeirri stöðu að geta tekist á við samkeppnina og aukið þjónustuframboð og tekjur til lengri tíma litið.



Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

Greinendur hafa auk þess nefnt að aukinn launakostnaður sem hlutfall af veltu sé veigamikil ástæða þess að EBITDA-hagnaður félagsins hafi farið lækkandi.

Arnar Ingi bendir einnig á að afkoman af hótelrekstri félagsins hafi verið frekar slöpp.

Ragnar Benediktsson, hlutabréfagreinandi hjá IFS, segir uppgjör félagsins hafa verið í samræmi við spá IFS. „Við bjuggumst við því að þeir myndu hækka EBITDA-spána og gerum sjálfir ráð fyrir að EBIDTA félagsins verði 159 milljónir dala á árinu. Það var annars ekkert sem kom í sjálfu sér á óvart í uppgjörinu,“ segir hann. kristinningi@frettabladid.is

## Rússar vilja refsa fyrir þvinganir

**RÚSSLAND** Stjórnvöld í Rússlandi skipuðu Bandaríkjamönnum í gær að fækka starfsmönnum í sendiráði sínu í Moskvu niður í 455. Jafnframt var girt fyrir aðgengi að nokkrum eignum Bandaríkjanna á svæðinu.

BBC greinir frá því að Rússar hafi með þessu verið að hefna fyrir nýjar viðskiptaþvinganir sem Bandaríkjamenn ákváðu að beita Rússa á dögunum. Þvinganirnar eru settar vegna innlimunar Rússa á Krímskaga árið 2014 og meintra afskipta þeirra af forsetakosningum Bandaríkjanna.

Rússneska utanríkisráðuneytið tilkynnti í gær að einnig stæði til að frysta eignir bandarískra diplómata í Rússlandi.

„Bandaríkin taka í þrjósku sinni hvert skrefið á fætur öðru til þess að beita sér gegn Rússlandi. Þeir gera það í skjóli hinna uppskálduðu afskipta Rússa af bandarískum innanríkismálum,“ segir í tilkynningunni.

Óljóst er hversu margir starfsmenn bandaríska sendiráðsins munu þurfa að hætta störfum en rússneskir fjölmiðlar greindu í gær frá því að um nokkur hundruð væri að ræða. – þea

HEKLA

Skoda Octavia Limo G-TEC / Beinskiptur
KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.350.000 kr.
Afsláttur
460.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð.

VW Polo CrossPolo 1.4 TDI / Dísil / Beinskiptur
KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.390.000 kr.
Afsláttur
500.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN



Skoda Superb Combi Ambition 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / 150 hö
KJARAKAUP 4.890.000 kr.
Fullt verð: 5.700.000 kr.
Afsláttur
810.000 kr.
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



VW Polo Comfortline Beats 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur / 300 vatta Beats-hljómflutningskerfi úr smiðju Dr. Dre.
KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.130.000 kr.
Afsláttur
240.000 kr.



VW Multivan Highline 2.2 TDI / Fjórhjóladrifinn / Dísil / Sjálfskiptur / 204 hö
KJARAKAUP 9.999.990 kr.
Fullt verð: 11.530.000 kr.
Afsláttur
1.530.010 kr.
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!



VW Golf Trendline Variant 1.6 TDI / Fjórhjóladrifinn / Dísil / Beinskiptur
KJARAKAUP 3.670.000 kr.
Fullt verð: 4.170.000 kr.
Afsláttur
500.000 kr.
NÝIR BÍLAR



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði. Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

# BBQ SÓSUR

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL





24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Tillitslaust bákn



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Meðferð krabbameinssjúkra þarf að taka miklum og hröðum breytingum. Strax. Eftir meðferð ætti að taka við orlof, sem mætti líkja við fæðingarorlof. Því þú ert að byggja þig upp aftur til þess að funkera fyrir þig og fólkið þitt. Orlof þar sem þú safnar kröftum að læknisráði. Þess í stað er fólk í fjárhagskröggum og í stöðugri baráttu við kerfið.“

Þetta eru orð ungrar konu, Láru Guðrúnar Jóhönnudóttur, í einlægu viðtali hér í blaðinu í dag. Lára greindist með krabbamein fyrr á þessu ári. Hún lýsir baráttunni við tillitslaust báknið, á sama tíma og barist er við sjúkdóminn. Lára var unglingur þegar móðir hennar greindist með krabbamein fyrir hartnær tuttugu árum. Kerfið virðist álíka þunglamalegt nú eins og þá.

Lára bendir á að lítið samtal sé milli stofnana. „Af hverju þarf þetta að vera svona flókið? Af hverju þarf að fara í gegnum margar stofnanir? Stéttarfélagið, Sjúkratryggingar, félagsmálabatteríið, Tryggingastofnun. Þetta er full vinna, ég var stanslaust að frá 8 til 4 á daginn. Gera og græja, fara með pappíra, láta stinga mig og skoða. Halda utan um þetta allt saman. Ég var örmagna úr skrifræðisþreytu.“

Saga Láru er erfið lesning og um leið þörf áminning. Af hverju gerum við ekki betur?

Krabbameinsáætlun heilbrigðisráðuneytisins hefur lengi verið í vinnslu, alltof lengi. Eftir nokkurra missera vinnu var boðað að áætlunin yrði lögð fram fyrir árslok 2014. Í júlílok 2017 hefur hún enn ekki litið dagsins ljós.

Margir hafa gagnrýnt seinaganginn. Gagnrýnin hefur ekki síst komið frá félagasamtökum, Krabbameinsfélagi Íslands og Reykjavíkur, sem ítrekað hafa sent ráðuneytinu erindi til að grafast fyrir um stöðuna.

Minnt hefur verið á að Ísland eitt Norðurlanda hefur ekki enn lokið við gerð krabbameinsáætlunar. Þó hafi mikil vinna verið lögð í áætlunina og hætta sé á að vinnan nýtist ekki sem skyldi ef upplýsingar og gögn úreldast. Til samanburðar má nefna, að árið 1998 var áætlun af þessu tagi lögð fram í Noregi.

Árlega greinast um 1.500 manns með krabbamein hér á landi og eftir fimmtán ár má búast við fjölgun krabbameinssjúklinga um næstum þriðjung. Skýringin er hækkandi meðalaldur og fjölgun landsmanna. Tæplega fimmtán þúsund manns, sem hafa fengið krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni, eru enn á lífi.

Skýrslur staðfesta þá rökréttu ályktun að stór hluti þessa hóps sé fyrirferðarmikill bæði í heilbrigðis- og félagsþjónustunni. Í krabbameinsáætlun á að gera ráð fyrir stuðningi við krabbameinssjúka og þeirra fólk frá fyrsta degi og áfram meðan aðstoðar er þörf.

Ruglingslegt kerfi mætir krabbameinssjúkum í dag. Þeir hafa takmarkað þrek til að berjast við ómanneskjulegt bákn. Við þurfum að taka okkur tak og hlúa betur að fólki sem stríðir við erfiða sjúkdóma í langan tíma.

Aðgerðir þola enga bið. Við eigum að létta þeim byrðarnar með ráðum og dáð. Erfitt er að benda á leið til að verja skattpeningum betur.

**Saga Láru er erfið lesning og um leið þörf áminning. Af hverju gerum við ekki betur?**


# ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

**Öflug Volvo Penta þjónusta**
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

**Kauptu bestu varahlutina**
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.





**HAFÐU SAMBAND Í DAG**
- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gisli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is


Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Berjumst fyrir jafnrétti með skæruhernaði

Þegar breska ríkisútvarpið, BBC, var skyldað til að birta lista yfir launahæstu starfsmenn stofnunarinnar var öllum ljóst að uppþot var í vændum. BBC hafði lengi verið gagnrýnt fyrir að greiða helstu sjónvarps- og útvarpsstjörnum sínum ofurlaun að óþörfu. Nú skyldi það staðfest svart á hvítu.

Með ráðstöfuninni átti að stemma stigu við meintu bruðli BBC með almannafé. Ráðamenn töldu að gegnsæi leiddi til þess að stofnunin yrði að halda sig á mottunni.

Bretar fengu sannarlega ástæðu til að hneykslast þegar listinn var birtur. Uppþotið snerist þó um annað en ofurlaun stórstjarnanna.

Í ljós kom að kynbundinn launamunur innan stofnunarinnar var meiri en nokkurn hafði órað fyrir. Af þeim níutíu og sex starfsmönnum sem þénuðu meira en hundrað og fimmtíu þúsund pund á ári var aðeins þriðjungur konur. Karlmenn vermdu sjö efstu sæti listans.

**Höfð að fífli**

Málið kom einni konu þó ekki á óvart. „Afhjúpunin í vikunni lét mér líða eins og ég hefði ferðast aftur um tuttugu ár, til þess tíma þegar ég komst að því að ég þénaði miklu minna en karlkyns samstarfsmenn mínir í morgunútvarpi BBC [The Today Program],“ skrifaði fréttakonan Sue MacGregor í aðsendri grein í The Times. „Í einfeldni minni hélt ég einfaldlega alltaf að við fengjum sömu laun.“

Sue komst hins vegar að hinu sanna árið 1997, eftir áratuga starf, þegar skrifuð var bók um sögu morgunútvarpsins. Í bókinni birtust upplýsingar um laun starfsfólks þáttarins gegnum árin. „Ég var furðu lostin,“ skrifaði Sue. „Þarna var sönnun þess hve lítils konur eru metnar í samanburði við karlmenn sem sinna nákvæmlega sama starfi.“

Hvernig kemst stofnun eins og BBC upp með að hlunnfara hóp af vel gefnum konum sem starfa margar við að vera gagnrýnar í hugsun, spyrja erfiðra spurninga og efast um allt? Jú, rétt eins og Sue MacGregor héldu konurnar einfaldlega að þær fengju greidd laun sambærileg karlkyns samstarfsmönnum.

„Ég er reið og miður mín,“ sagði Vicky Young, stjórnmálaskýrandi BBC á samfélagsmiðlinum Twitter. „Ég hef verið höfð að fífli.“ Umboðsmaður tveggja þekktustu fréttakvenna BBC tjáði sig ráðvilltur um málið: „Mér hefur alltaf verið sagt að þær þyrftu ekkert að vera ósáttar, laun kollega væru sambærileg.“

**Hvað er að klikka?**

Í fyrradag mátti lesa eftirfarandi fyrirsögn í Fréttablaðinu: „Launamunur kynjanna eykst.“ Samkvæmt nýrri launakönnun VR er kynbundinn launamunur innan félagsins 11,3 prósent. Í fyrra var hann 10 prósent. Árið 2014 var hann 8,5 prósent, tæpum þremur prósentustigum lægri en hann mælist í dag.

Hvers vegna gengur svona illa að útrýma kynbundnu launamisrétti? Á Íslandi ríkja jafnréttislög. Yfirvöld grípa reglulega til aðgerða sem stuðla eiga að auknum tækifærum á vinnumarkaði konum til handa. Hvað er að klikka?

**Með gegnsæi að vopni**

Kynbundinn launamunur þrífst á leynd. Í kjölfar þess að BBC birti lista yfir laun stjörnustarfsmanna stofnunarinnar áskotnaðist konum sem þar starfa óvænt vopn í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Þær fengu annars vegar óyggjandi staðfestingu á misréttinu sem þær eru beittar, hins vegar upplýsingar um hversu há laun þær eiga að biðja um til að njóta sannmælis. Með gegnsæi að vopni berjast BBC konur nú allar sem ein af krafti fyrir sömu launum og karlmennirnir sem vinna með þeim.

Langtímaaðgerðir stjórnvalda í baráttunni fyrir jöfnum launum eru góðar og gildar. En kannski er kominn tími til að grípa til nýrra nálgunar; sömu nálgunar og BBC konur taka nú.

En hvernig er það hægt? Konur vita ekki hver laun samstarfsmanna þeirra eru.

Það er auðleysanlegt. Það má einfaldlega spyrja. Konur, tökum höndum saman. Berjumst fyrir launajafnrétti með skæruhernaði. Á mánudaginn, þegar við mætum í vinnuna, snúum okkur að næsta karlkyns samstarfsfélaga og spyrjum hvað hann er með í laun. Förum svo til yfirmannsins og biðjum um það sama. Við erum þess virði.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*





Íslensk Getspá
ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



30%
AFSLÁTTUR

## COSTA
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart copago áklæði.
Einnig grátt og svargrátt áklæði. Stærð: B:305 D:240/163 cm

**244.993 kr.** ~~349.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

## RIA
Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar.
Grænblátt, ljósgrátt eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**55.993 kr.** ~~79.990~~

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

## KAMMA
Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökk- og ljós-grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 201 x 84 x :105 cm

**97.993 kr.** ~~139.990 kr.~~



45%
AFSLÁTTUR

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

**7.695 kr.** ~~13.990 kr.~~



30%
AFSLÁTTUR

## ANDREW
Borðstofustóll. Sterkt svart, hvítt, brúnt eða grátt bundið leður.

**11.893 kr.** ~~16.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

## ALEXA
Ekta leður, svart, hvítt eða brúnt.
Fætur úr burstuðu stáli.

**22.493 kr.** ~~29.990 kr.~~

skovby



30%
AFSLÁTTUR

## DENVER
Borðstofustóll, olíuborin eik og svart leður. Einnig til með gráu áklæði

**46.893 kr.** ~~66.990 kr.~~



Tilboðsverð
frá **2.995 kr.**

**ALLIR PÚÐAR – MIKIÐ ÚRVAL**
50%
AFSLÁTTUR

**ÖLL MATARSTELL FRÁ BROSTE**
30%
AFSLÁTTUR





Verðdæmi:
Matardiskar
4 stk.
tilboðsverð
**1.995 kr.**

**AIDA ATELIER MATARSTELL**
50%
AFSLÁTTUR

**ALLAR GÆRUR – MIKIÐ ÚRVAL**
50%
AFSLÁTTUR



Verðdæmi:
Lambagæra
frá Natures
Collection
tilboðsverð
**14.495 kr.**

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



# Sumar ÚTSALAN

SÍÐUSTU DAGAR

## Allt að 60% afsláttur

**25% AFSLÁTTUR**

**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**89.993 kr.** ~~119.990 kr.~~

LA-Z-BOY® | Live life comfortably.®

**SHELDON**
La-Z-Boy hægindastóll úr dökkrauðu, ljósgráu eða grænu slitsterku áklæði.
Stærð: 100 × 93 × 107 cm

**30% AFSLÁTTUR**



**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~

LA-Z-BOY® | Live life comfortably.®

**STANLEY**
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu, hvítu, brúnu eða vínrauðu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

**30% AFSLÁTTUR**



**111.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Bikardagur í Kaplakrika í dag

**Tvölfalt bikareinvígi verður á milli FH og Breiðholtsins í Krikanum í dag þegar undanúrslit Borgunarbikarsins í knattspyrnu karla og 51. bikarkeppni FRÍ fara fram á sama stað og á sama tíma.**

**ÍÞRÓTTIR** Mesta fjörið í íþróttalífi hérlendis um helgina verður án vafa í Kaplakrikanum á milli eitt og fjögur í dag þegar FH-ingar hýsa tvær bikarkeppnir í tveimur íþróttagreinum.

Í báðum tilfellum eru heimamenn í FH sigurstranglegri en þurfa að berjast við kappsfulla Breiðhyltinga á báðum vígstöðum.

### Hafa unnið alla titla frá 1994

Í 51. bikarkeppni FRÍ má búast við að baráttan standi sem fyrr á milli risanna FH og ÍR en félögin hafa unnið langflesta bikara frá upphafi sem og alla bikarmeistaratitla frá og með árinu 1994.

Í undanúrslitaleik Borgunarbikars karla taka Íslandsmeistarar FH á móti Inkasso-liði Leiknis úr Breiðholti. Sigurvegari leiksins mætir ÍBV í bikarúrslitaleiknum á Laugardalsvelli 12. ágúst næstkomandi.

Leiknismenn höfðu aldrei komist lengra en í sextán liða úrslit fyrir þetta sumar og eru því að spila sinn fyrsta undanúrslitaleik.

FH-liðið hefur unnið alls átta Íslandsmeistaratitla frá árinu 2004 en aðeins komist tvisvar í bikarúrslitaleikinn á sama tíma. Nú hafa FH-ingar frábært tækifæri til að bæta úr því enda á heimavelli á móti liði sem er í hópi neðstu liðanna í b-deildinni.

Bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins hefst klukkan 13.00 en annað árið í röð fer hún fram á sama degi og klárast á aðeins tveimur klukkutímum. Það verður því allt á fullu á vellinum þessa tvo tíma sem gerir keppnina mjög væna til áhorfs.

FH-ingar eiga titil að verja en þeir unnu þrefalt í fyrra og stöðvuðu þá sex ára sigurgöngu ÍR.

### Tuttugasti titilinn

Vinni FH-ingar í dag þá verða þeir bikarmeistarar í tuttugasta sinn en ÍR-ingar hafa unnið flesta bikartitla eða 23. Það ætla þó fleiri félög að blanda sér í baráttunni en Breiðablik, Fjölelding, HSK og Ármann taka líka þátt. FH-ingar urðu bikarmeistarar þegar þeir héldu bikarkeppnina síðast fyrir þrettán árum en misstu þá karlatitilinn til UMSS. FH vann hins vegar þrefalt næstu fjögur ár á eftir.

### Mikið að gera

Það er mikið að gera hjá karlaliði FH í fótbolta. Liðið er nýkomin heim frá Slóveníu þar sem liðið mætti Maribor í forkeppni Meistaradeildarinnar. Leikurinn í kvöld verður níundi leikur Hafnarfjarðarliðsins á síðustu 34 dögum sem þýðir leik á 3,8 daga fresti auk ferðalaga til Færeyja og Slóveníu.

Bikarleikur FH og Leiknis átti að fara fram í gærkvöldi en var færður fram um einn dag vegna ferðalags FH-liðsins til Slóveníu í vikunni. Fyrir vikið fær íþróttaáhugafólk óvenjulegan bikartvíhöfða í Kaplakrikanum eftir hádegi í dag. ooj@frettabladid.is




**Kristján Flóki Finnbogason og Arna Stefanía Guðmundsdóttir verða í sviðsljósinu í Krikanum í dag.**

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**ÍR - Haukar 1-2**

1-0 Sergine M. Fall (18.), 1-1 Aron Jóhannsson (30.), 1-2 Alexander Helgason (84.).

Í 6. SÆTI Á OPNA SKOSKA
Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í 6. sæti eftir fyrstu tvo keppnisdagana á Opna skoska meistaramótinu í golfi sem fer fram á Dundonald í Skotlandi. Ólafía lék einkar vel í gær, á tveimur höggum undir pari og lyfti sér upp í 6. sætið. Hún er jafnframt efsti Evrópubúinn á mótinu. Ólafía fékk fjóra fugla á hringnum í gær, einn örn, fjóra skolla og níu pör. Keppni heldur áfram á morgun og hefst bein útsending frá mótinu klukkan 14.00 á Golfstöðinni.

## Um helgina

| | | |
|---|---|---|
| L 08.55 | F1: Æfing | Sport |
| L 11.30 | Chelsea - Inter | Sport |
| L 11.50 | F1: Tímataka | Sport 2 |
| L 13.45 | FH - Leiknir R. | Sport |
| L 14.00 | Opna skoska | Golfstöðin |
| L 15.50 | H. Berlin - Liverpool | Sport |
| L 17.00 | Opna kanadíska | Golfst. |
| L 22.00 | Man City - Spurs | Sport |
| L 00.00 | R. Madrid - Barca | Sport |
| L 02.00 | UFC 214 | Sport 2 |
| S 11.30 | F1: Kappakstur | Sport |
| S 14.00 | Opna skoska | Golfstöðin |
| S 16.50 | ÍBV - Stjarnan | Sport |
| S 17.00 | Opna kanadíska | Golfst. |
| S 20.00 | Roma - Juventus | Sport |




BÓKAÐU SÓL Í ÁGÚST
Á SPOTTPRÍS
Sólarferðir frá kr.
58.595
m/afslætti*
Allt að
39.950 kr.
afsláttur á mann
2 FYRIR 1
á flugsæti
m/gistingu
FLUGSÆTI
ÁÐUR KR. 79.900
NÚ KR. 39.950
BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN
Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.
*Öll verð eru með afslætti.
COSTA DE ALMERÍA
2 FYRIR 1
Flugsæti
Frá kr. 39.950 báðar leiðir
Netverð á mann frá kr. 39.950 báðar leiðir með sköttum, innrituðum tösku og handfarangri.
ALBIR
Allt að 25.000 kr. afsláttur
Albir Playa Hotel & Spa
Frá kr. 102.425 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 102.425 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 142.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
4. ágúst í 11 nætur.
TENERIFE
Allt að 15.000 kr. afsláttur
Arena Suites Apartments
Frá kr. 87.780 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 87.780 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 108.180 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
9. ágúst í 11 nætur.
MALLORCA
2 FYRIR 1
Hotel Sorrento / Portofino
Frá kr. 70.845 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 70.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 113.745 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
10. ágúst í 11 nætur.
BENIDORM
Allt að 25.000 kr. afsláttur
Marconfront Benidorm Suites
Frá kr. 133.975 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 133.975 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu. Netverð á mann frá kr. 168.775 m.v. 2 fullorðna í svítu.
11. ágúst í 11 nætur.
TENERIFE
Allt að 25.000 kr. afsláttur
Park Club Europe
Frá kr. 100.845 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 100.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fj.herb. Netverð á mann frá kr. 124.495 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
12. ágúst í 7 nætur.
COSTA DEL SOL
2 FYRIR 1
MS Aguamarina Suites
Frá kr. 68.770 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 68.770 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 96.345 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
13. ágúst í 7 nætur.
KRÓATÍA
Allt að 20.000 kr. afsláttur
Sol Sipar Hotel
Frá kr. 107.595 m/morgunmat innif.
Netverð á mann frá kr. 107.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 131.095 m.v. 2 fullorðna í herb.
15. ágúst í 7 nætur.
KRÍT
Allt að 25.000 kr. afsláttur
Helios Apartments
Frá kr. 86.705 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 86.705 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 110.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
17. ágúst í 11 nætur.
COSTA DE ALMERÍA
2 FYRIR 1
Bahia Serena
Frá kr. 58.595 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 58.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 82.445 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
18. ágúst í 7 nætur.
COSTA DEL SOL
2 FYRIR 1
MS Aguamarina Suites
Frá kr. 102.520 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 102.520 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 153.845 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
20. ágúst í 14 nætur.
MALLORCA
Stökktu
Frá kr. 75.995 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 75.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
21. ágúst í 10 nætur.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM83252
595 1000 • heimsferdir.is
Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

# Ávextir og ber það svalasta nú

Sumarið nær hámarki sínu núna um helgina og því tilvalið að gera sumarlegan kokteil. Fréttablaðið fékk sérfræðinga frá Sushi Social, Pablo Discobar og Slippbarnum til að töfra fram nokkra kokteila fyrir árstíðina.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



## ÓÁFENGUR VATNSMELÓNU FIRECRACKER

**Nokkrir bitar af vatnsmelónu**
**7,5 cl af trönuberjasafa**
**4 cl af engifersírópi**
**3 cl limesafi**

Hristist með klökum og síað ofan í glas með klökum.

### Engifersíróp

**50/50 af venjulegum sykri og vatni, t.d. 500 ml af vatni og 500 g af sykri**
**200 g engifer**

Vatn og sykur sett í pott og beðið þar til sykurinn leysist upp, hrærið vel í öðru hvoru.

Setjið í blandara og látið liggja í smá kælingu, svo er engiferið síað frá sírópinu.



Watermelon Firecracker.



Sævar Örnólfsson, barþjónn á Sushi Social.

## POPSICLE

**3 cl Amaretto**
**3 cl Elderflower líkjör**
**3 cl lime safi**
**3 cl ananassafi**
**3 cl sykursíróp**

Hristist með klökum og síað ofan í glas með klökum.

### Sykursíróp

**50/50 af venjulegum sykri og vatni, t.d. 500 ml af vatni og 500 g af sykri**

Sett í pott, bíðið þar til sykurinn leysist upp, hrærið vel í öðru hvoru og setjið svo í kælingu.



Popsicle.



Hjá Slippbarnum töfraði Alana Hudkins þessa drykki fram.

## HAWAIIAN (ÓÁFENGUR)

**Hátt glas eða stór „tumbler“**
**½ cm ferskt engifer**
**60 ml hibiscus te**
**30 ml ferskur limesafi**
**15 ml ananassíróp**
**15 ml kanilsíróp**
**Örlítið sódavatn**

Engiferið er kramið í kokteil-mixara og svo er öllu öðru bætt út í nema sódavatni. Hristið með klökum og síið í glas, bætið ofan á sódavatni og hrærið hægt. Skreytið með blómi eða myntu.



## DIGITAL LOVE

**„Highball“ eða „Collins“ glas**
**15ml Tanqueray Rangpur gin**
**15ml Sacred Rosehip Cup (eða annar líkjör eins og Campari)**
**15ml cocchi americano white vermouth**
**100 ml ca. (½ flaska) Thomas Henry cherry blossom tonic**

Áfengið er sett yfir ís í hátt glas. Tóniki hellt ofan í og hrært í. Borið fram með niðurrifnum greipávexti.



Digital Love.

Að sögn Alönu er eitt mest spennandi trendið í sumar drykkir með litlu áfengismagni. „Þeir sem eru að fá sér kokteil hafi ekki endilega áhuga á að vera farnir að finna á sér þegar þeir eru hálfnaðir með drykkinn sinn. Einnig getur hátt áfengisverð á landinu leitt til þess að kokteilar verði mjög dýrir. Með því að nota minna áfengi í drykki og láta viðskiptavini vita af því getum við gert fleira fólki kleift að smakka hágæða drykki án þess að hafa neikvæð áhrif á veski þess (eða lifrina). Á nýjum matseðli Slippbarsins, sem mun lita dagsins ljós í næsta mánuði, munu ódýrari drykkir með minna áfengismagni vera í boði.“

**Ertu að leita að svefnplássi?**

Tjaldaðu þá á toppnum

- Stærð innanmál - 140x200cm
- Svefnpláss fyrir 2-3 fullorðna
- Fjarstýrður rafmagnsupphalari

Verð kr. 328.700-



Upplýsingar í síma 8966614 / 8433230 eða á foxonroute@foxonroute.com
Hægt að sjá nánari lýsingar á www.foxonroute.net

## BLUSHING GINGER (ÓÁFENGUR)

**20 ml heimagert hindberjasíróp**
**20 ml ferskur limesafi**
**Toppað með engiferbjór**
**Skreytt með mintu og blómum**

## HINDBERJA DAIQUIRI

**45 ml hvítt romm**
**30 ml blitzuð hindber**
**25 ml heimagert hindberjasíróp**
**25 ml ferskur limesafi**
**1 skúpa mulinn klaki**

Hent í blandara. Skreytt með kirsuberjum, mintu og fineríi.



Hindberja Daiquiri.

FÓLK VIRÐIST VERA AÐ LEITA MIKIÐ Í BERJAKOKTEILA ÞETTA SUMAR OG ÞESS VEGNA NOTUM VIÐ HELLING AF HINDBERJUM Á PABLO DISCOBAR.

Teitur Sciöth á Pablo Discobar





Blushing Ginger.

# ÞJÓÐHÁTÍÐARTVENNA

0,5 L PEPSI EÐA PEPSI MAX Í PLASTI OG 170 G DORITOS POKI AÐ EIGIN VALI




Ef þú kaupir þjóðhátíðar-tvennu getur þú unnið miða á **Þjóðhátíð í Eyjum!** Dregið út 3. ágúst **á FM957.**

AÐEINS **399** KR.

1011 Fljótlegt og þægilegt

| REYKJAVÍK | | | | | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR | GARÐABÆR | REYKJANESBÆR | AKUREYRI | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugalækur 9 | Grímsbær | Miklabraut 100 | Suðurfell 4 | Grjótháls 8 | Fjörður 13-15 | Dalvegur 20 | Litlatún | Hafnargata 55 | Kaupangur | Skagabraut 43 |
| Austurstræti 17 | Héðinshús | Kleppsvegur | Laugavegur 180 | Barónsstígur 4 | Staðarberg 2-4 | Hagasmári 9 | | Keflavíkurflugvöllur | | |
| Laugavegur 116 | Hjarðarhagi 47 | Birkimelur 1 | Borgartún 26 | Bankastræti 11 | Reykjavíkurvegur 58 | Hjallabrekka 2 | | Fitjar | | |
| Lágmúli 7 | Eggertsgata 24 | Bústaðavegur 20 | Seljavegur 2 | Seljavegur 2 | | | | | | |

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# VERKFÆRA DAGAR

## Í FULLUM GANGI












DEWALT
DeWalt verkfæri
25% afsláttur
ATH! DeWalt veltisög er á 15% afslætti
Verkfæratöskur og smáhlutabox
35% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
Vinnubuxur, Ronda
Svartar og gráar
8.990 kr
13.990 kr
HÚSASMIÐJAN
blómaval
Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi
Í FULLUM GANGI
SUMAR ÚTSALAN
50% afsláttur
Öll sumarblóm og trjáplöntur
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
Öll JOTUN pallaolía, viðarvörn og málning blöndum alla liti
25% afsláttur
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
LADY
Ferðavörur
25% afsláttur
Garðhúsgögn
30% afsláttur
Útipottar og garðstyttur
30% afsláttur
FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# Eins og Amasóna

**Lára Guðrún Jóhönnudóttir** var greind með brjóstakrabbamein í vetur og fór í brjóstnám í mars. Lára missti móður sína úr sama meini sautján ára og þekkir kerfið bæði sem aðstandandi og sjúklingur. Hún vill byltingu í þjónustu til krabbameinsveikra. Þeir beri háan og dulinn kostnað. Þurfi að ganga á milli stofnana og glíma við skrifræðið.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Baráttu mömmu lauk einu og hálfu ári eftir að hún fann hnút í brjóstinu. Hún var fertug einstæð móðir og hún skildi eftir sig þrjú börn. Mig, sautján ára, systur mína sem var tíu ára og bróður minn, sjö ára,“ segir Lára.

Líf Láru varð aldrei samt eftir að móðir hennar greindist. Æxlið sem var fjarlægt úr brjósti móður hennar var stórt og illvígt og hafði dreift sér um eitlakerfið. Veikindin voru erfið og mesta ábyrgðin hvíldi á Láru.

Lyfjameðferðir, geislameðferðir, læknisheimsóknir og barátta við kerfið. Lára svaf uppi í rúmi hjá móður sinni þegar hún var sem veikust. Hún þurfti oft að hjálpa henni að kasta upp og tæma ælufötur eftir lyfjameðferðir.

### Fengu litla hjálp

„Mín tilfinning var að finnast við ósköp ein. Áður var ég bara venjulegur unglingur. Eftir að mamma veiktist þá bar ég ábyrgð fullorðinnar manneskju. Ég vann á veitingastað niðri í bæ og reyndi eins og ég gat að stunda nám í FB. Rétt rúmlega sextán ára var ég eiginlega orðin fyrirvinnan enda er krabbamein dýrt.

Ég var andvaka flestar nætur að tæma ælufötur, skutla henni í meðferð og sækja hana. Fyrir mér var það alltaf léttir þegar hún var lögð inn á spítala. Þá var hún á réttum stað.

Stundum hugsaði ég með mér: Jæja, nú er hún búin að æla svo mikið að vonandi fær hún hvíldarinnlögn. Það var skrýtið hvað við fengum litla hjálp,“ segir Lára og rifjar upp dagana áður en móðir hennar lést.

„Það kom fyrir að ég reyndi að hringja í lækna og leita ráða. Eitt kvöldið var hún með hita og óráði. Einn læknirinn ráðlagði mér að gefa móður minni stíl og hringja svo aftur í fyrramálið. Þetta var tveimur sólarhringum áður en hún dó og sá sem ráðlagði mér þetta var starfandi yfirlæknir á líknardeildinni. Ég átti sem sé, sautján ára gömul, að gefa dauðvona móður minni endaþarmsstíl. Þetta situr í mér, þrátt fyrir að vera aðeins brotabrot af þeim hjúkrunarverkefnum sem ég tók að mér og ég hugsa stundum um hvers vegna kerfið og samfélagið virkaði þannig að öll ábyrgðin lenti á mér, ólögráða einstaklingi. Það eina sem ég vildi var að hún færi upp á spítala og væri hjúkrað því hún var fárveik, en móðir mín átti erfitt með að biðja um aðstoð og það var mér ekki innrætt í uppeldinu heldur. Þarna eru fullorðnir fagaðilar að tala við barn samkvæmt lögum. Það tók mig langan tíma að skila þeirri tilfinningu sem ég hafði, að ég hefði getað staðið mig betur í að hugsa um hana, því það var fullorðna fólkið sem átti að grípa þann bolta.“

Lára reyndi, þrátt fyrir erfið veikindi móður sinnar, að halda í hversdagsleikann með því að halda fast í það sem hún taldi vera venjulega rútínu hins venjulega borgara.

„Vinnustaðurinn varð mitt annað heimili. Það var gott að eiga sér hliðarlíf. Maður verður rosalega góður í að skilja vandamálin eftir heima. Þetta var mín leið til að lifa af. Ég fékk frænkur mínar til að koma að líta eftir henni, því undir lokin fór ég auðvitað ekki að heiman nema ég fengi pössun fyrir mömmu. Eitt kvöldið eftir vinnu fæ ég símtal frá einni af frænkum mínum um að hún sé með öndunarerfiðleika og hafi verið send með sjúkrabíl á bráðamóttökuna. Ég held hún hafi vitað það þá að endalokin væru óumflýjanleg því hún kvaddi mig og mér fannst blæbrigðin í röddinni hennar svo endanleg. Hún sagði einfaldlega: Sjáumst síðar,“ segir Lára og brosir. Hún og ein frænka hennar voru sendar heim að hvíla sig og bíða fregna. Þær voru þó varla komnar heim til sín þegar það var hringt aftur og þær beðnar um að koma skjótt til baka upp á spítala. Láru finnst móttökurnar við endurkomu á bráðamóttökuna lýsandi fyrir það hversu mikla ábyrgð hún var látin taka á veikindum móður sinnar.

„Læknirinn sem tekur á móti okkur spyr mig hvort ég sé læknanemi, því hann kannist svo við mig. Þegar hann veit að ég er dóttir móður minnar spyr hann mig hvort hún vilji ekki fá endurlífgun ef hún fari í hjartastopp.

Ég hlustaði á hann segja mér að vegna krabbameinsins væru öll líffæri hennar ónothæf og hún uppfyllti því ekki kröfur líffæragjafa. Ég þagði bara, horfði á hann og hugsaði með mér hvort hann áttaði sig á því að hann væri að tala við manneskju sem hefði ekkert löglegt ákvörðunarvald til að svara þessari spurningu. Í sömu andrá fór hún í hjartastopp. Hann hrindir mér frá og hleypur inn. Ég horfði á þetta algjörlega aftengd. Ég er mjög fegin að hafa aldrei þurft að svara þessari spurningu.“

### Ein af þessum duglegu

Eftir að móðir Láru lést voru þau systkinin samrýmd og ekki dvínaði ábyrgðartilfinningin gagnvart yngri systkinum hennar. Þegar Lára eignaðist son 25 ára gömul stofnaði hún fyrirtæki og rak um tíma fataverslun og kaffihús. Hún og barnsfaðir hennar gerðust einnig fósturforeldrar 16 ára systur Láru á þeim tíma.

„Ég var ein af þessum duglegu og datt auðveldlega í þessa brjálæðislegu keyrslu sem virðist vera fylgifiskur þess að tilheyra þessu samfélagi. Nú er ég á þeirri skoðun að svona dugnaður sé ekki endilega til fyrirmyndar. Alltaf við símann, alltaf til taks, alltaf að kýla áfram yfirvinnu. Þú ert að taka tíma frá þér, frá lífinu, framtíðarheilsu. Þú ferð alltaf í skuld andlega og líkamlega. Það sleppur enginn lifandi frá þeirri skuld. Þetta er eins og að berja grjót með höndunum. Það er einhvern veginn borðleggjandi að fólk fái sjúkdóma sem aukaverkun af dugnaðinum. Ef ekki krabbamein þá t.d. gigt, síþreytu, kvíða og þunglyndi og það sem verst er, tíminn er ekki endurnýtanleg auðlind og þú getur aldrei upplifað sama augnablikið aftur. Ég krumpast inni í mér þegar fólk stærir sig af því að vera í hundrað prósent vinnu, með tölvupóstinn öskrandi á sig allan sólarhringinn, í fjórum bóka- eða saumaklúbbum og að reka fyrirtæki líka. Það er ekki kúl að vera svona „duglegur“. Mig langar ekki að tilheyra samfélagi sem hampar dugnaði sem stelur lífsgæðum frá okkur sjálfum og okkar nánustu.

KRABBAMEINIÐ KENNDI MÉR AÐ ÉG ER LÍKA MANNESKJA. ÉG Á ALVEG JAFN MIKINN ÞÁTT Í SAMFÉLAGINU OG AÐRIR.

Ég er eiginlega að fara í gegnum seinni gelgjuna eftir að hafa greinst með krabbamein. Ég get tekið betri ákvarðanir, af minni hvatvísi, þó ég sé samt ekki algjörlega laus við hana. Ég er að læra að ég má vera eins og allir hinir.

Krabbameinið kenndi mér að ég er líka manneskja. Ég á alveg jafn mikinn þátt í samfélaginu og aðrir. Ég var nefnilega alltaf svolítið fyrir utan samfélagið. Kannski vegna þess að ég upplifði mig annars flokks eftir baráttuna við kerfið. Þetta er það sem hinir gera. Hinir sem fengu eðlilega uppeldið, góðu æskuna, hugsaði ég stundum um það þegar fólk lét til sín taka í samfélaginu.“

### Merki alls staðar

Lára greindist með krabbamein þann 14. febrúar á þessu ári og segir innsæið hafa stýrt sér. Hún var nefnilega algjörlega einkennalaus.

„Það voru merki alls staðar í kringum mig. Alls kyns lítil merki sem ég túlkaði í undirmeðvitundinni sem hættumerki. Merki sem ég sagði engum frá, eins og slæmir draumar og alls konar blæbrigði í umhverfinu sem ég túlkaði sem einhvern fyrirboða um að ég væri í einhvers konar hættu. Þetta voru bara litlir hlutir en það var eitthvað að gerjast innra með mér, það er svo skrítið að líkaminn veit, undirmeðvitundin finnur og hjartað öskrar á heilann að bregðast við. Kannski ekki vísindalegasta útskýringin. En þetta er mín persónulega upplifun. Og af því í febrúar var meistaramánuður þá krækti ég í það og ákvað að fylgja innsæinu og fara í rannsóknir.“

Lára fór í blettaskoðun hjá húðsjúkdómalækni og í leghálsskoðun. Þar bað hún um beiðni fyrir brjóstamyndatöku. Hún fékk myndatökuna samþykkta vegna ættarsögu sinnar.

„Á þessum tímapunkti var ég enn að reyna að vera svöl. Lét sem ekkert væri í gangi. Ég væri bara að taka ábyrgð á eigin heilsu og fara í rannsóknir. En ég vissi samt undir niðri að ég væri veik þrátt fyrir að hafa sjaldan upplifað mig hraustari, andlega, líkamlega og fjárhagslega.

Ég tók beiðnina um myndatöku og fór með hana sjálf í stað þess að láta lækninn senda hana. Einhvern veginn vissi ég að það þyrfti bara að drífa í þessu. Ég var eiginlega á sjálfstýringu. Ég fékk tíma fljótt og var tveimur vikum seinna komin í skoðun í Krabbameinsfélaginu. Því fylgdu erfiðar tilfinningar. Ég var með tárin í augunum. En hugsaði: Æi, þetta er bara vegna mömmu. Mamma var hér, hún gerði þetta. Hún hlýtur að hafa verið hrædd. Læknirinn var lengi að skoða mig öðrum megin og svo sagði hann við mig að það væri ýmislegt sem þyrfti að ræða og greindi mér frá því sem hann sá. Hnútur í hægra brjósti og kölkun í mjólkurgöngum. Hann tók sýni og bætti við að þau væru í langflestum tilvikum góðkynja. Ég vissi samt að ég væri búin að finna það sem ég var að leita að og sagði við hann: Við vitum það þegar við vitum það.“



ÉG ÆTLA AÐ VERA „ONE TIT WONDER“

## Bókhald Láru frá febrúar

**Lyfjakostnaður**
82.587 kr.

**Stoðtæki**
(Gervibrjóst, brjóstahaldarar, íþróttatoppur, sundbolur.)
78.464 kr.

**Sjúkraþjálfun**
20.760 kr.

**Landspítali**
(Kostnaður vegna aðgerða, læknisviðtala, blóðprufur, vefjarannsóknir o.s.frv.)
76.490 kr.

**Heimaþjónusta**
5.875 kr.

**IVF klíníkin**
(Eggheimta vegna fyrirsjáanlegrar ófrjósemi sökum yfirvofandi krabbameinsmeðferðar.)
937.000 kr.

**Tannlæknakostnaður**
(Nauðsynlegt að vera við góða tannheilsu áður en krabbameinsmeðferð hefst.)
41.990 kr.

**Sálfræðikostnaður**
119.000 kr.

**Samtals**
1.362.166 kr.

Lára bendir á að ýmsa þjónustu megi fá fría eða endurgreidda í gegnum góðgerðarfélög. Henni finnst þó að ríkið eigi að greiða meðferðarkostnað krabbameinssjúkra. Lára hefur einnig reiknað út fyrirsjáanlegan kostnað í framtíðinni vegna fyrirbyggjandi lyfjameðferðar og læknisþjónustu.

**5 ára tímabil**
658.500

**Hámark 10 ár**
1.317.000 kr.

**Miðað við nýja greiðsluþátttöku**

**5 ár**
348.500 kr.

**10 ár**
697.000 kr.

**Fékk niðurstöðurnar áður**

Hnúturinn reyndist vera illkynja æxli. Lára var hins vegar búin að fá fréttirnar áður en símtalið barst frá Krabbameinsfélaginu. „Ég er mjög óþolinmóð, ég kýs að kalla það að vera lausnamiðuð, ef það er til betri og fljótari leið til að gera hlutina þá finn ég hana. Ég og kærastinn minn grófum upp tölvupóstfangið hjá gamla lækni mömmu og ég sendi honum póst. Hann kannaðist vel við mál hennar og hringdi strax í mig. Þetta var daginn eftir sýnatöku og hann spurði mig hvort ég vildi að hann kíkti á niðurstöður. Ég játti því. Hann greindi mér strax frá því að þetta væri því miður illkynja. Hann kom mér strax að og sendi beiðni fyrir mig í sneiðmyndatöku, segulómun og blóðprufu. Tilfelli móður minnar var alvarlegt og óviðráðanlegt og voru því engir sénsar teknir.

Fyrir hádegi daginn eftir símtalið var ég búin að fara í allar þessar rannsóknir. Áður en Krabbameinsfélagið hringdi í mig: Við erum búin að fá niðurstöðurnar, sagði læknirinn og ég svaraði bara: Já, ég líka, og greindi frá því að ég væri búin að fara í helstu rannsóknir.“ Lára hlær og segist varla vita hvort hún eigi að segja frá þessu. Hún vilji ekki að fólk fari að hringja viðstöðulaust í lækna á meðan það bíði eftir niðurstöðu. „Ég held samt að fólk skilji hvers vegna ég brást svona við. Mamma beið of lengi. Hummaði af sér öll einkenni. Ég varð mjög hrædd og vildi gera allt andstætt við mömmu; leita hjálpar, upplýsinga, ráða og þiggja allt sem var í boði.“

**Vafin inn í bómull**

Láru var nú vísað á brjóstamóttöku skurðdeildar á Landspítala. „Þar var ég vafin inn í bómull enda yndislegt fólk sem vinnur þar. Ég fékk allar þær upplýsingar sem ég þurfti á að halda á þessu stigi um sjúkdóminn. Þetta er það algengur sjúkdómur hjá konum að það er nauðsynlegt að hafa almennilegt utanumhald fyrir þær konur sem greinast og aðstandendur þeirra. Sjúkdómurinn er tiltölulega sjaldgæfur undir fertugu en um tíu konur greinast árlega undir þeim aldri. Það er brugðist hratt við, því brjóstakrabbamein sem greinist í konum sem eru frjósamar hefur tilhneigingu til að vera ágengara en annað krabbamein.

Ég fann hvernig allt fagfólkið sem starfaði á brjóstamóttökunni lagði allt sitt í starfið sitt. Ég var að fá svör við tölvupósti seint á kvöldin frá hjúkrunarfræðingnum mínum, sem ég hafði kannski hitt eldsnemma um morgun sama dag. Ég upplifði mig örugga og ég fann að ég var í höndum hæfasta fagfólks sem hægt er að finna.

Hægra brjóstið var fjarlægt í aðgerð þann 7. mars. Í því fannst annað lítið æxli ásamt því að frumubreytingar fundust í öllum fjórðungum brjóstsins. „Þetta var mjög fljótt að gerast. Það kom í ljós að æxlið lá djúpt inni við rifbeinin, ég hefði aldrei fundið það svona snemma sjálf. Það hefði líklega fengið að vaxa næstu misseri áður en ég hefði fundið einhverja fyrirferð. Þannig að það var gott að ég hlustaði á innsæið.

Maður sér oftast eftir því ef maður hunsar innsæið. Sama hvað það er. Það kom í ljós að mitt krabbamein er af allt annarri tegund en mömmu. Mitt er hormónajákvætt, hennar hafði dreift sér um eitlakerfið og var hraðvaxandi. Mamma átti aldrei séns. Ég á góðan séns. Það var sent sýni úr okkur báðum til erfðarannsóknar erlendis þar sem ég fékk staðfest að engin erfðafræðileg tengsl fundust. Þegar mamma var nýdáin bað ég, sautján ára unglingurinn, lækninn um að taka blóðsýni úr mömmu til geymslu. Ég hafði fengið þær ráðleggingar þar sem erfðaráðgjöf var farin að verða algengari á þeim tíma. Eftir aðgerðina átti ég að fara í harðkjarna lyfjameðferð og var búin að búa mig undir það að missa hárið og heilsuna. En eftir aðgerðina kemur skurðlæknirinn minn skælbrosandi og sagðist feginn að sjá að ég hafi ekki klippt af mér hárið. Ég hafði nefnilega ætlað að gera það til að undirbúa hármissinn. Hún sagði mér að við fyrstu sýn þá liti út fyrir að ég myndi sleppa við lyfjameðferð.“

Lára varð auðvitað þakklát og glöð við þessar fregnir. En þeim fylgdu líka aðrar óvæntar tilfinningar. „Sumar ansi skrítnar eins og til dæmis: Fokk hvað á ég að gera núna! Ég var búin að ráðstafa þessum tíma í veikindin. Hugurinn fór á fleygiferð áfram. Ég gæti farið í fullt nám og farið að vinna. Þetta var duglega týpan í mér sem ætlaði að harka sig í gegnum þetta, kýla þetta áfram á þessum gamalkunna dugnaði. Maðurinn minn stoppaði mig af. Hann þekkir mig vel og veit að ég get verið glanni og sagði við mig að nú væri bara tækifæri fyrir mig að gera eins lítið og ég get. Byggja upp styrk. Ég ákvað að hlusta og prófa. Ég skyldi verða sterk. Fara í nám en gera lítið, bara til að halda heilanum gangandi. Því þetta er rétt hjá manninum mínum. Ég þarf ekki að gera neitt. Ég má láta mér batna, mér leyfist að byggja upp andlegan og líkamlegan styrk á þeim tíma sem ég þarf. Verst þykir mér að kerfið og samfélagið er ekki sammála, það virðist ekki vera hefð í okkar samfélagi að gefa fólki svigrúm til þess að ná fullum bata,“ segir Lára og segist óska þess að krabbameinssjúkir fengju orlof eftir meðferð.

**Ósanngjörn forréttindastaða**

„Mér hafði aldrei fundist ég vera hraustari andlega og líkamlega en þegar ég greindist. Þetta var fullkomin tímasetning til að fá krabbamein. Ég vissi nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera við líf mitt. Ég var að taka viðbótarnám við stúdentspróf. Svo ætlaði ég að fara í heilbrigðisverkfræði og hámarka notagildi mitt fyrir samfélagið. Svo er ég allt í einu stoppuð af.“

Í dag er Lára heppin að eiga gott bakland – fólk sem styður við bakið á henni og fjölskyldunni á alla vegu sem þau þarfnast. „Mér finnst það ósanngjarnt að vera í þeirri forréttindastöðu að hafa efni á því að fara í sálfræðimeðferð. Að eiga fyrir útlögðum kostnaði. Eiga líka pening til að þurfa ekki að drífa sig í vinnuna aftur. Fólk á ekki að þurfa að fara að drífa sig aftur til vinnu í algerri neyð. Það er nefnilega þá sem fólk veikist aftur. Það er enginn að stýra þessu, hversu miklu fólk hleður á sig. Á meðan verðlaunar samfélagið hörku og dugnað. Það er sturlað í grunninn. Það er alltof mikil keyrsla í íslensku samfélagi. Við vinnum miklu meira hér en fólk í nágrannalöndum okkar en framleiðum minna. Við erum alltof mörg komin langt með að brenna upp í okkur nýrnahetturnar og það er lítið eftir. Meðferð krabbameinssjúkra þarf að taka miklum og hröðum breytingum. Strax. Eftir meðferð ætti að taka við orlof, sem mætti líkja við fæðingarorlof. Því þú ert að byggja þig upp aftur til þess að funkera fyrir þig og fólkið þitt. Orlof þar sem þú safnar kröftum að læknisráði. Þess í stað er fólk í fjárhagskröggum og í stöðugri baráttu við kerfið,“ bendir Lára á.

**Hleypur á sínum hraða**

Það er einmitt þess vegna sem Lára hefur ákveðið að hlaupa 10 kílómetra til styrktar Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra, í Reykjavíkurmaraþoninu 19. ágúst. „Ég ætla nú bara að hlaupa á mínum hraða. Ég mun ekki ganga nærri mér. En mér fannst samt skipta máli að taka þátt. Ég má í raun ekki hlaupa samkvæmt læknisráði þar sem ég verð nýbúin í eggheimtuferli þegar maraþonið verður. Eggheimtuferlið er nauðsynlegt fyrir okkur, unga fjölskyldu sem stefnir að barneignum, en fyrirbyggjandi lyfjameðferðin sem ég mun þurfa á að halda getur gert mig ófrjóa. Allur kostnaður við krabbameinsmeðferðina er mjög hár, lítið niðurgreiddur eða alls ekkert. Ég set markið hátt, vil safna milljón. Sem er sirka sú upphæð sem við fjölskyldan höfum greitt úr eigin vasa eftir að ég greindist í febrúar. Það eru auðvitað ekki bara lyf, rannsóknagjöld og læknisþjónusta sem sá krabbameinsveiki þarf að leggja út fyrir heldur allt sem tengist meðferðinni,“ segir Lára og nefnir eitt lítið en lýsandi dæmi. „Ef þú færð sogæðabólgu eftir skurðaðgerð þá þarftu að fara til sjúkraþjálfara og fá sérstaka sérsaumaða ermi. Ermin er niðurgreidd um 70 prósent en þú þarft samt að leggja út 12 þúsund krónur fyrir rest. Allur þessi kostnaður er gríðarhár og safnast saman í stjarnfræðilega háar upphæðir. Ég vil ekki að fólk þurfi að leggja út svona mikinn kostnað. Það þarf að breyta þessu. Krabbameinsmeðferð og allt henni tengt sem er til bata á að vera ókeypis eða niðurgreitt að mestu. Það ætti ekki að þurfa að vera til svokallaðir neyðarsjóðir svo fólk svelti ekki á sama tíma og það berst fyrir lífi sínu. Þetta er einfalt, þetta á að vera sjálfsagt.“

**Vill krabbameinsráðgjafa**

Annað sem Lára bendir á er lítið samtal á milli stofnana. Krabbameinsveikir þurfi að eyða dýrmætum tíma í að ganga á milli stofnana og glíma við skrifræðið. Hún bendir á að það væri þjóðþrifaráð að hverjum þeim sem greinist með krabbamein væri úthlutað sérstökum krabbameinsráðgjafa sem sæi um þessa hluti fyrir þann veika.

„Fólk er í lélegri samningsstöðu þegar það er með krabbamein. Það er veikt og hefur ekki þrek til að mióla þekkingu sinni um kerfið og þarfir til breytinga og bóta.

Það er enginn sem kemur og er með uppskrift að krabbameinsferli, þetta er einnig svo einstaklingsbundinn sjúkdómur. Það eru auðvitað starfandi félagsráðgjafar en þeirra starfssvið er takmarkað.

Af hverju þarf þetta að vera svona flókið? Af hverju þurfum við að fara í gegnum margar stofnanir? Stéttarfélagið, Sjúkratryggingar, félagsmálabatteríið, Tryggingastofnun. Þetta er full vinna, ég var stanslaust að frá 8-4 á daginn. Gera og græja, fara með pappíra, láta stinga mig og skoða. Halda utan um þetta allt


Lára með systkinum sínum sem hafa stutt hana í meðferðinni.


Lára í rannsóknum á Landspítalanum.


Kristleifur, Lára og Þorvaldur Hörður.


Lára með systkinum sínum, Vigdísi Hlíf og Jóni Sigmari.


Lára ræðir málin við son sinn á spítalanum, daginn eftir brjóstnámið.


Lára með móður sinni og nýfæddri litlu systur sem hún tók seinna í fóstur.

saman. Ég var örmagna úr skrifræðisþreytu.

Ég held ég sé að segja rétt frá því að í Noregi er félagsráðgjafi sem segir bara: Hæ, ég er aðstoðarmaður þinn í þessari krabbameinsmeðferð. Ég óska þess að það sé þannig líka hér. Það væri þörf og dýrmæt breyting. Það þarf auðvitað byltingu, en þetta, ásamt því að hætta að láta krabbameinssjúka taka upp veskið, er góð byrjun.“

Hún bendir líka á að fólk sem veikist hafi afar misjafnan rétt eftir stétt og stöðu í íslensku samfélagi. „Ef þú ert námsmaður þá ertu bara í vondum málum til dæmis. Ég á vini sem hafa veikst af krabbameini og hafa bara átt í verulegum vandræðum með að eiga fyrir meðferðinni. Eins hugsa ég oft til móður minnar, hún gat örugglega ekki sótt sér alla þá hjálp sem hún átti skilið vegna stöðu sinnar. Þeir sem eru með lélega samningsstöðu í samfélaginu eru með enn verri samningsstöðu þegar þeir veikjast,“ segir Lára og segir jafnræði í íslensku heilbrigðiskerfi blekkingu. „Ef fjölskyldan mín og mannsins míns stæði ekki við bakið á mér, þá gæti ég þetta ekki. Og við erum að tala um lágmarks lífsgæði. Það er margt sem er ekki talað um í þessu samhengi. Frjósamar konur sem huga á frekari barneignir þurfa að fara í eggheimtu fyrir lyfjameðferð, þar sem hætta er á að lyfjameðferðin geri þig ófrjóa eða að þú farir í varanleg ótímabær tíðahvörf. Það er mjög dýrt. Eins er dýrt að kaupa alls kyns sérsaumaðan fatnað og útbúnað. Ég þarf að kaupa sérstaka brjóstahaldara, sundföt og íþróttatoppa. Hvert stykki kostar um tíu þúsund krónur. Fólkið sem stendur að kerfinu heldur greinilega að krabbameinssjúkir séu að misnota kerfið. Það eru ótrúlegustu hlutir sem mæta þér. Fyrir suma eru það óyfirstíganlegar hindranir. Fólk leyfir sér ekki sjálfsagða hluti í meðferð. Ég fæ niðurgreidd gervibrjóst, en ég þarf að kaupa allan nauðsynlegan rándýran fatnað til þess að geta notað gervibrjóstið. Eins og að selja manni klósett án vatnskassa, eða ísskáp án rafmagns. Sem er algjörlega óásættanlegt.“


Kristleifur, kærasti Láru, með Þorvaldi Herði, syni hennar.

ALLT ÞETTA FERLI HEFUR MÉR ÞÓTT VERA SVO FALLEGT. AÐ SJÁ HVAÐ LÍKAMINN ER STERKUR OG MAGNAÐ FYRIRBÆRI.

### Fárveik að sannfæra kerfið

Lára og maðurinn hennar, Kristleifur Daðason, sóttu um heimaþjónustu frá Reykjavíkurborg á meðan hún var í meðferð.

„Við vorum rosalega heppin að fá heimaþjónustu. Það kom indæl kona í heimsókn til okkar til þess að taka út aðstæður okkar eins og venjan er og okkur var sagt að þegar það er heilbrigður einstaklingur á heimilinu þá sé þjónustan ekki veitt. Ég fann hversu mikið hendur hennar voru bundnar í kerfinu. Hún sem manneskja sá enga fyrirstöðu þess að við myndum fá aðstoð, en því miður er kerfið ekki byggt upp fyrir manneskjur. Ég sagði henni að það væri kannski hægt að leggja þetta svona upp á fundi: Sérð þú einhvers staðar heilbrigðan einstakling hér inni? Það er enginn heilbrigður einstaklingur á heimili krabbameinsveikrar manneskju. Veikindin bitna á öllum á heimilinu. Við fengum á endanum samþykkt. En það er frekar fjarstæðukennt að þurfa að færa rök fyrir máli sínu þar sem maður situr með umbúðir yfir brjóstinu, dren og slöngur sem koma úr bringunni á þér og blóðvökva í poka. Að þurfa fárveikur að sannfæra kerfið um að veita grunnþjónustu. En við vorum mjög þakklát, þetta var ómetanlegt fyrir okkur að fá þessa aðstoð.“

### Tvíeggjað sverð

Lára ákvað að fara ekki í uppbyggingu á brjóstinu. „Ég gerði fljótt upp hug minn og afþakkaði tafarlausu brjóstauppbygginguna, enda mikil aðgerð og ég ekki með stór brjóst fyrir. Ég ætla að vera „one tit wonder“,“ segir Lára og brosir.

„Þetta skiptir mig ekki máli út frá fagurfræðilegum ástæðum. Brjóst eru ofmetin, þetta eru sekkir fullir af gulri fitu. Tvíeggjað sverð, fæða líf og geta tekið líf.

Ég er bara eins og Amasóna. Kannski er ég bara með enn betra mið núna og ætti bara að fara og æfa bogfimi,“ segir hún glettin.

„Ég er vön því að horfa á líkama konu brjóstalausan. Bæði brjóstin voru tekin af mömmu. Maðurinn minn er alltaf jafn tryllingslega ástfanginn af mér, sama hversu mörg brjóst ég er með.

Þetta er svo einstaklingsbundið samt. Maður tengist líkamanum á mismunandi hátt. Ég var stressaðri fyrir því að missa hárið en brjóstið. Maður veit aldrei hvað gerist í framtíðinni, ef sjúkdómurinn kemur aftur þá bara kemur hann aftur og ég tækla það. Eitt brjóst í einu,“ segir Lára þó að horfurnar séu góðar. „Allt þetta ferli hefur mér þótt vera svo fallegt. Að sjá hvað líkaminn er sterkur og magnað fyrirbæri. Að kynnast öllum þessum dásamlegu manneskjum sem vinna að því að bæta líf okkar. Samband okkar mannsins míns hefur dýpkað og ástin hefur stækkað svo mikið. Ég er orðin miklu nánari fjölskyldu minni og vinum. Lærdómurinn er ómetanlegur. Ég myndi aldrei vilja taka reynsluna til baka.“

### Ferðalag að veikjast

Láru finnst mikilvægt að koma þeirri þekkingu sem hún býr yfir til skila og hún vonar að þótt vissir ráðherrar séu í sumarfríi þá hlusti þeir og finni hjá sér baráttuþrek til að breyta stöðunni. „Það er ferðalag að veikjast. Fólk hefur ekki orku til þess að miðla, það er í slæmri samningsstöðu. En ég get það og finnst það beinlínis skylda mín. Mér finnst ömurlegt að sjá kröfurnar sem eru gerðar á krabbameinsveika, ábyrgðina sem þeir og aðstandendur bera. Mér finnst líka ömurlegt að fylgjast með hraða og keyrslu samfélagsins. Horfa á veikindin verða til. Ég vil byltingu. Af hverju gerum við ekki bara minna og verum meira til?“

# SUMARSALA

**20-40% AFSLÁTTUR**



35% AFSLÁTTUR

15m Garðslanga með tengjum
**904** Áður kr. ~~1,390~~



20% AFSLÁTTUR

Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
**4.712** Áður kr. ~~5.890~~

25% AFSLÁTTUR

Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill - Sett
**1.118** Áður kr. ~~1.490~~

30% AFSLÁTTUR

Bio Kleen pallahreinsir 5 lítrar
**2.093** Áður kr. ~~2.990~~
1 líter kr. **627** Áður kr. ~~895~~

45% AFSLÁTTUR

Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga, pokalaus
**4.835**
**Áður kr. ~~8.790~~**

20% AFSLÁTTUR

Landora tréolía Col-51903 3 l.
**1.584** Áður kr. ~~1.980~~

20% AFSLÁTTUR

Oden þekjandi viðarvörn 2,8 l, A stofn
**3.912** Áður kr. ~~4.890~~

35% AFSLÁTTUR

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**1.554**
Áður kr. ~~2.390~~



20% AFSLÁTTUR

**Lavor Space 180 háþrýstidæla**
**19.992**
**Áður kr. ~~24.990~~**
180 Max bar 510 L / klst. Pallahreinsir, bursti og aukaspíssar.

25% AFSLÁTTUR

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
**4.485**
**Áður kr. ~~5.980~~**

1 lítri
**1.185**
**Áður kr. ~~1.580~~**

30% AFSLÁTTUR

Lutool Combo Kit allt settið aðeins
**10.493**
Áður kr. ~~14.990~~

Skrúfvél 12V

Stingsög - Sverðsög 12V

Fjölnotatæki 300W

25% AFSLÁTTUR

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**15.192**
Áður kr. ~~18.990~~

20% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR

LLA-110
Álstigi 10 þrep
**4.680**
Áður kr. ~~6.240~~
8 þrepa **4.568** Áður kr. ~~6.090~~
12 þrepa **5.543** Áður kr. ~~7.390~~



25% AFSLÁTTUR

**Kailber KG-2**
**Gasgrill** 4x3,5KW brennarar, grillflötur 303,6 $cm^2$,14KW
**Áður kr. ~~52.880~~**
**39.660**

**PLAST BLÓMAPOTTAR**

35% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR

LuTool gráðukúttsög 255mm blað
**18.823**
Áður kr. ~~26.890~~

Sög á mynd m. 305mm blaði

Sög með 305mm blaði
**26.918** Áður ~~35.890~~

30% AFSLÁTTUR

Lutool borð undir kúttsög
**13.923**
Áður kr. ~~19.980~~



25% AFSLÁTTUR

**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**

PVC húðað vírnet 65cmx15 metrar
Áður kr. ~~4.695~~
**2.817**

40% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

Lutool 24V Li-Ion Rafhlöðuborvél
**8.704**
Áður kr. ~~10.880~~

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

Gildistími tilboða er til 19/8/2017 á meðan birgðir endast.

# Narendra Modi talinn ýmist hetja eða skúrkur

Forsætisráðherra Indlands er umdeildur á alþjóðavísu. Lofaður fyrir baráttu sína gegn spillingu en lastaður fyrir að hafa leyft ofbeldi gegn múslimum að grassera á Indlandi.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Staða Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, styrktist þegar Ram Nath Kovind tók formlega við embætti forseta Indlands í vikunni. Gerði hann það fyrir hönd Indverska þjóðarflokksins er nefnist Bharatiya Janata á hindí og er gjarnan kallaður BJP. Fékk Kovind stuðning 66 prósenta kjörmanna.

„Til hamingju, Ram Nath Kovind, með að vera kjörinn forseti Indlands! Ég óska þér góðrar forsetatíðar. Mikill stuðningur margra flokka við Kovind gleður mig og ég þakka kjörmönnum innilega,“ sagði forsætisráðherrann, og forsprakki BJP, um leið og úrslit kosninganna lágu fyrir.

Kjör Kovind, sem kemur úr lægstu stétt indverska stéttakerfisins, er talið styrkja stöðu Modi. Embætti forseta á Indlandi svipar til íslenska forsetaembættisins og fer það ekki með mikil völd. Helsta hlutverk Indlandsforseta er að ráða úr stjórnarkreppum.

Á Indlandi kýs þingið forsetann og var kjör Kovind því næstum gulltryggt áður en kosningarnar fóru fram. Er styrkur Modi á þinginu griðarlegur.

Olli kjör Kovind því stjórnarandstæðingum vonbrigðum. „Barátta mín fyrir aðskilnaði ríkis og trúar sem og hina kúguðu heldur áfram,“ sagði mótframbjóðandinn Meira Kumar. Vísaði hún þar til svokallaðrar hindutva-stefnu BJP-flokksins sem þykir umdeild.

### Hinn umdeildi Modi

Í mars síðastliðnum skrifaði Mihir Sharma, pistlahöfundur Bloomberg á Indlandi, grein um að Modi væri orðinn valdamesti leiðtogi Indlands í marga áratugi. Hann væri jafnframt vel á veg kominn með að breyta Indlandi í ríki þar sem hindúar njóta forgangs. Væri fjölmennasta lýðveldi heims því orðið stærsti leikvöllur þjóðernishyggjuöfgamanna á heimsvísu.

Ýmsir hafa tekið undir þessi orð Sharma. Í grein sem birtist í Independent í sama mánuði segir að Modi sé eins og öfgafyllri útgáfa af Donald Trump Bandaríkjaforseta. Í greininni segir að ástæða fyrir hinum miklu völdum Modi felist í vangetu stærsta stjórnarandstöðuflokksins, Congress. Leiðtogi Congress, Rahul Gandhi, hafi hvorki persónutöfrana né hungrið sem þurfi til að stýra Indlandi.

Modi og flokksmenn hans hafa einkum sætt gagnrýni á alþjóðavísu fyrir svokallaða hindutva-stefnu. Byggir stefnan á því að hindúasiður eigi að vera í kjarna indversks stjórnarfars og að Indland sé land hindúa. Þannig sagði Giriraj Singh, leiðtogi BJP í Bihar-ríki, að múslimar og aðrir andstæðingar Modi ættu að flytja til Pakistan.

## 12,5 prósenta sveifla

Sigur BJP-flokks Modi í þingkosningum ársins 2014 var afgerandi. Fyrir kosningar hafði flokkurinn 116 þingsæti en fékk 282 í kosningunum.

Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Congress, fór hins vegar úr 206 sætum niður í 44 og er BJP þar með langstærsti flokkurinn á þingi. Rúmlega sexfalt stærri en Congress.

Pistlahöfundar The New York Times, The Independent, The Guardian og fleiri fjölmiðla á Indlandi hafa ítrekað haldið því fram að Modi hvetji til, eða geri ekki neitt, til að draga úr ofbeldi gegn lægstu stéttum hindúa sem og múslimum. Á meðal röksemdafærslna fyrir því líta þeir til morðsins á Mohammad Akhlaq í Dadri í október 2015. Réðst þá hópur manna á Akhlaq þar sem hann var grunaður um að hafa drepið kálf og borðað hann. Þar sem kýr eru heilagar í hindúasið þótti múgnum Akhlaq hafa framið helgispjöll.

Nánir samstarfsmenn Modi fordæmdu morðið ekki. Mahesh Sharma, menningarmálaráðherra Indlands, sagði til að mynda að atvikið hefði einungis verið óhapp. Morðið kom í kjölfar banns við slátrun nautgripa og áti á kjöti þeirra sem Modi lagði fram fyrr sama ár.

Modi hefur hins vegar sjálfur fordæmt sams konar morð. Í síðasta mánuði sagði hann til að mynda óásættanlegt að maður hefði verið myrtur vegna gruns um að hann væri með nautakjöt í bíl sínum.

Þá hefur Modi verið gagnrýndur fyrir aðgerðir ríkisstjórnar hans sem miðuðu að því að banna starfsemi um 11.000 erlendra góðgerðarsamtaka. Í mars síðastliðnum var bandarískum góðgerðarsamtökum, Compassion International, til að mynda meinað að starfa í Indlandi eftir 48 ára starfsemi á þeim grundvelli að samtökin hefðu snúið hindúum til kristni.

Þá hafa skipanir Modi á helstu embættismönnum einnig sætt mikilli gagnrýni. Til að mynda þegar hann skipaði Yogi Adityanath sem leiðtoga Uttar-ríkis. Adityanath þessi hefur sjálfur verið gagnrýndur fyrir hugmyndir sínar um að múslimar leggi á ráðin í laumi um að tæla hindúakonur og útrýma þannig hindúum hægt og rólega.

### Taka lögin í sínar hendur

Um síðustu mánaðamót birtist umfjöllun á BBC um stóra hópa á Indlandi sem hafa tekið lögin í sínar hendur og ásækja múslima og hindúa af lægri stéttum. Segir í henni frá morði Junaid Khan, fimmtán ára múslima.

Hópur hindúa veittist að Khan og þremur systkinum hans með hnífum í lest í Haryana-ríki. Í viðtali við sjónvarpsfréttamann á svæðinu sagði einn mannanna að ástæðan fyrir árásinni væri sú að múslimar borðuðu nautakjöt. Shaqir Khan, bróðir Junaids, sagði við fréttamenn er hann var kominn á spítala að árásarmennirnir hefðu gengið í skrokk á systkinunum og sagt að það væri uppskeran af því að borða kýr. Svipaði árásinni mikið til morðsins á fyrrnefndum Akhlaq.

Undir stjórn Modi og BJP-flokksins hefur kýrin orðið æ mikilvægara tákn í indversku samfélagi, að því er BBC greinir frá. Segir í umfjöllun BBC að bilið á milli hindúa og múslima fari breikkandi og að æ harðari bönn við sölu og slátrun nautgripa valdi upplausnarástandi. Stórir hópar hindúa gangi um göturnar og myrði múslima fyrir að flytja, selja og borða nautgripi.

„Það er ótrúlegt að sú forna lífsspeki hindúa að það sé rangt að taka líf annarrar veru, speki sem Mahatma Gandhi hafði í hávegum, sé nú notuð til að réttlæta morð,“ skrifaði rithöfundurinn Aatish Taseer í aðsendri grein sem birtist í The New York Times.

### Hinn vinsæli Modi

En Modi nýtur augljóslega ágætis stuðnings á Indlandi. Annars væri hann ekki forsætisráðherra. Fékk BJP-flokkurinn til að mynda 31 prósent atkvæða í þingkosningunum árið 2014.

Þá greindi The Times of India frá því í júní að samkvæmt nýrri könnun væru Indverjar afar sáttir við fyrstu þrjú ár forsætisráðherrans í embætti. Tók rúm milljón þátt í könnun The Times of India og sögðu 77 prósent aðspurðra að Modi stæði sig vel eða mjög vel í embætti.

Töldu 76 prósent aðspurðra að vinsældir Modi hefðu aukist á kjörtímabilinu en tólf prósent að þær hefðu dvínað.

Samkvæmt könnun Hindustan Times fyrr á árinu þótti 60 prósentum Indverja Modi standa sig vel. Bentu stuðningsmenn hans einkum á minnkandi spillingu, samskipti við Pakistan, bætta ímynd Indlands á heimsvísu og bætta innviði.

Aðspurðum þótti hins vegar heilbrigðiskerfinu hafa hrakað, staða atvinnumála óásættanleg, verðlag of hátt og glæpum gegn konum fjölga.



Narendra Modi er vinsæll, einkum á meðal indverskra hindúa. Hann er þó umdeildari á alþjóðavettvangi og á meðal múslima í heimalandinu. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP




Mótmælaganga í Mumbai gegn ofbeldi gegn múslimum.



Stuðningmenn Congress brenndu líkneski af Modi.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 29. JÚLÍ 2017



Nanna heillaðist af leiklist á menntaskólaárunum, naut sín á sviði og ákvað að læra til leikara. Hún vill vekja fólk til umhugsunar með áhrifamiklum sýningum og veita því gleði og frelsun frá hversdagsleikanum. MYND/LAUFEY ELÍASDÓTTIR

# Hugarórar úr frönsku vændishúsi

Konur í korselettum, daður upp á franskan máta og ljóðalestur á bak við luktar dyr verða í algleymi í eldrauðu húsi skálda í kvöld. ➜2

Melissa Dream




Náttúrulega leið
til að sofa betur
**Fæst í næsta apóteki**
**www.icecare.is**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Vændishús og ljóðskáld eiga ýmislegt sameiginlegt. Hvort tveggja eru gamlar starfsgreinar sem fást við mikla nánd, fantasíur og sóðalegar hugmyndir sem opinberast í einrúmi," segir leikkonan Nanna Gunnars. Í kvöld ætlar hún að breyta Iðnó í eldrautt pútnahús með skáldlegu ívafi.

„Frá ómunatíð hafa ljóð verið notuð til tjáningar á löngunum mannsins og innstu þrám. Á sama hátt hafa vændiskonur fyrri tíma og vorra verið skáldum innblástur og yrkisefni. Við ætlum að fanga þessi áhrif en einblína á nándina með kynæsandi blæ, beru holdi, ögrandi kabarettdansi og burlesque-skopstælingum. Með því móti frelsum við líkamann og erum stolt af honum, því það er ekkert ljótt við að vera léttklæddur. Það getur hins vegar vakið kynferðislegar kenndir sem og kitlað skopskynið, en sjálfsást og líkamsvirðing spilar þar stærstu rulluna."

Rauða skáldahúsið reis fyrst í heimsborginni New York árið 2008 og hefur síðan farið sem eldur í sinu um heiminn. Umgjörðin er leikhúsþema fíns vændishúss í anda Parísar um 1920 þar sem alls kyns listamenn fara á stjá. Viðburðurinn byggir á fyrirmyndinni „The Poetry Brothel" þar sem brotnir eru veggir á milli ljóðs og leiklistar, leikara og áhorfenda.

„Það var ljóðskáldið Stephanie Berger sem átti hugmynd að þessu upplifunarleikhúsi heimsins, og ég sló til þegar Meg Matich, eitt af skáldum okkar í kvöld, bað mig um að hjálpa sér við að setja upp sams konar ljóðapútnahús í Reykjavík. Meg er með MFA-gráðu í ljóðlist frá Columbia-háskóla og er hér á landi til að yrkja og þýða íslensk ljóð yfir á ensku með styrk frá Fulbright. Hún hafði tekið þátt í slíkri veislu í New York og vildi sjá meira gerast í íslensku ljóðasenunni," upplýsir Nanna, sem útskrifaðist úr leiklistarskóla í Lundúnum 2012, þar sem hún komst í kynni við óvenjulegar nálganir í leikhúsheiminum.

„Rauða skáldahúsið er upplifunarleikhús þar sem áhorfandinn þarf ekki að sitja niðurnegldur á sama stað heldur getur labbað á milli atriða, talað við leikarana, hlegið, sungið og dansað að vild. Segja má að hann verði hluti af sköpunarverkinu, en hann má vera þar allt eins og leikmunur því það er engin kvöð að spila af fingrum fram frekar en fólk vill."



Nanna ílengdist í Lundúnum þegar hún varð ástfangin af breska hljóðhönnuðinum og listræna tölvuhönnuðinum Owen Hindley. Þau fluttu til Íslands í fyrra og stofnuðu leikhópinn Huldufugl, sem stendur að gleðinni í Iðnó í kvöld. MYNDIR/LAUFEY ELÍASDÓTTIR

## Fantasíur og rómantík

Dyr að skáldlega pútnahúsinu í Iðnó opnast að kvöldi Druslugöngunnar sem fram fer í dag, en það er skemmtileg tilviljun.

„Með Druslugöngunni er reynt að skipta út merkingu orðsins „drusla" en ég held að við náum aldrei að skipta út merkingu orðsins „hóra". Í stað þess reynum við að vekja fólk til umhugsunar með annars konar nálgun," segir Nanna sem lofar dulúðugu og fjörugu andrúmslofti í Iðnó í kvöld.

„Hér verður daðrað og duflað innan um eldheitar fantasíur og rómantík. Sumum þykir það afar ögrandi á meðan aðrir njóta til hins ítrasta. Fólk er vitaskuld forvitið og vill vita um hvað málið snýst, en fæstir vilja hugsa um ljótu hlutina þegar þeir skemmta sér. Við höfum glamúrinn því í fararbroddi og heiðrum hugblæ Rauðu myllunnar (f. Moulin Rouge) og Parísar eftir 1900 þegar vændishús voru goðsagnakennd og töfrar áttu sér stað innanhúss."

Í þeim sama anda verður hægt að fá einkalestur ljóðskálda í einrúmi dívans og kertaljóss, upplifa nánd tarotspákonu og nornarinnar Snæuglu, sem fer afsíðis með þá sem vilja spyrja út í ástina, og fá teiknaðar af sér myndir, eins og tíðkaðist meðal frönsku elítunnar forðum, eða þá líkamsmálun úr hendi Violet Fire.

„Frönsk vændishús eftir aldamótin 1900 voru athvörf listamanna og vísar frægt atriði úr kvikmyndinni Titanic til þess veruleika, þar sem persóna Kate Winslet segir við persónu Leonardos DiCaprio: „Draw me like one of your French girls." Þann ævintýraheim munum við endurskapa, nema hvað við sleppum kynlífsgreiðanum, en í stað hans geta menn borgað fyrir hugaróra," segir Nanna og brosir.

## Bannað að káfa!

Yfir þrjátíu listamenn koma fram



Nanna kemur fram sem Madame Karítas í Rauða skáldahúsinu í Iðnó í kvöld og segir það verða algjöran veruleikaflótta að hverfa inn í pútnahús skálda.

í listaveislu Rauða skáldahússins í kvöld. Aðalskáld kvöldsins er Kristín Eiríksdóttir, en önnur skáld eru Elías Knörr, Ingunn Lára, Kailyn Phoenix, Lommi, Meg Matich, Solveig Stjarna Thoroddsen og Þorvaldur S. Helgason. Þá sýna María Callista, Gógó Starr, Ungfrú Hringaná, Ginger Biscuit og Bibi Bioux eggjandi dans með Reykjavík Kabarett. Hljómsveitirnar eru tvær: Gleðikonur og The Keystone Swingers, með Viggu Ásgeirsdóttur sem gestasöngkonu.

„Að hverfa inn í pútnahús skáldanna verður algjör veruleikaflótti! Enda hvenær fær fólk tækifæri til að klæða sig upp í glitrandi kjóla og korselett án þess að fá á sig athugasemdir annarra. Við hvetjum gestina til að klæða sig upp á en það er engin skylda. Margir vilja reyndar nýta tækifærið til að klæða sig á ögrandi hátt og þessi viðburður er einstaklega skemmtilegur fyrir fólk sem hefur áhuga á dragi eða að leika sér með kynhneigð sína, óháð kynvitund," segir Nanna sem skiptir um nafn í kvöld og kemur fram sem Madame Karítas sem stjórnar gleðinni með listræna stjórnandanum Jessicu LoMonaco og leikstjóranum Meg Matich, í samstarfi við Reykjavík Kabarett.

„Ástir og ævintýri liggja alltaf og alls staðar í loftinu og ég veit að einhverjir hafa byrjað að deita eftir viðburði sem þessa. Maður fær enda mikla nánd með fólki og ef einhverjir straumar myndast er alveg hægt að biðja um númerið eftir sýningu. Bara ekkert káf á meðan sýningu stendur!" segir Nanna og skellir upp úr.

Rauða skáldahúsið stendur yfir frá klukkan 20 til 23 í Iðnó í kvöld. Sjá nánar á Facebook undir Rauða skáldahúsið.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433


Peysa,
2999,-
NÝ
VERSLUN
OPNUM Í DAG
KL. 12:00
Í KROSSMÓA,
REYKJANESBÆ
LINDEX

# Allra besta sumarvinnan

**Tómas Nói Emilsson fékk tilboð um sumarvinnu sem hann gat ekki hafnað; að leikstýra sjónvarpsauglýsingu. Hann er reynslunni ríkari og stefnir ótrauður á frekari kvikmyndagerð.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Þetta var allrabesta sumarvinnan," segir Tómas Nói Emilsson, ungur og upprennandi kvikmyndargerðarmaður, en hann leikstýrði og tók upp sína fyrstu sjónvarpsauglýsingu í sumar.

„Þau hjá Emmessís sáu viðtal við mig í Fréttablaðinu í vor, höfðu samband og báðu mig um að búa til auglýsingu fyrir sig. Þau voru með grófa hugmynd um hvernig hún ætti að vera en svo átti ég að sjá um allt saman. Vinna hugmyndina betur, finna krakka til að leika, leikstýra og finna tökustað. Svo þurfti að útvega græjur og fleira," segir Tómas. Þetta hafi verið hörkuvinna.

„Ég var mikið í útlöndum með fjölskyldunni í sumar svo ég þurfti að klára þetta verkefni allt á einni viku. Það er auðvitað best að vinna við það sem manni þykir skemmtilegast en þetta var erfitt – að undirbúa allt, taka upp og klippa. Dagarnir voru dálítið langir," segir Tómas en það fylgi kvikmyndabransanum. „Já, maður bara reddaði þessu," segir hann hress.

„Mesti tíminn fór í undirbúning, tíu tímar á dag í nokkra daga. Aðaltökudagurinn var líka tíu tímar, átta tímar fóru í tökurnar sjálfar og tveir tímar í að gera tilbúið og ganga svo frá. Ég talaði við nokkra krakka sem ég þekki og vissi að finnst gaman að leika. Þau höfðu leikið áður en ekki gert neitt kvikmyndatengt. Meðalaldurinn í hópnum er tólf og hálft ár en þau stóðu sig ótrúlega vel. Sátu ekki og biðu í tíu tíma heldur hjálpuðu mikið til við undirbúninginn og hjálpuðu með ljósin og fleira í tökum, bara eins og alvöru kvikmyndatökuteymi. Svo tók við klippivinna sem ég sá alveg um."

Tómas Nói er ekki ókunnugur handtökunum á setti en hann sigraði á stuttmyndahátíðinni í Bíói Paradís með stuttmynd sína Stökkið fyrir tveimur árum og hefur sjálfur leikið í auglýsingu og í tónlistarmyndbandi. Hann segir þetta þó fyrsta stóra verkefnið en vonandi upphafið að því sem koma skal.

**Hver var helsta áskorunin í verkefninu?** „Erfiðast var sennilega að finna tökustað. Ístrukkurinn átti að keyra um svo við þurftum stóran gólfflöt og mikið pláss. Það þýddi ekkert að vera í litilli íbúð og ég eyddi mörgum klukkutímum í að finna nógu stórt pláss," segir Tómas. „Þetta er það langstærsta sem ég hef gert og það skemmtilegasta. Ég lærði helling á þessu og ég vona að fleiri verkefni fylgi í kjölfarið; tónlistarmyndbönd eða fleiri auglýsingar. Ég er búinn að smala saman nokkrum strákum í teymi og einn er mjög góður klippari. Ég er meira að segja kominn með smá fyrirtæki í kringum þetta, Stúdíó Blönduhlíð og er að setja Facebook-síðu í gang," segir Tómas Nói.



„Það er auðvitað best að vinna við það sem manni þykir skemmtilegast," segir Tómas Nói sem leikstýrði sinni fyrstu sjónvarpsauglýsingu í sumar. MYND/VILHELM

> **Þau stóðu sig ótrúlega vel. Sátu ekki og biðu í tíu tíma heldur hjálpuðu mikið til við undirbúninginn og hjálpuðu með ljósin og fleira í tökum, bara eins og alvöru kvikmyndatökuteymi.**



Leikararnir ásamt leikstjóranum, frá vinstri: Jón Bjarni Emilsson, George Ari Devos, Tómas Nói og Erlen Isabella Einarsdóttir. Á myndina vantar einn leikarann, Kristínu Önnu.



# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

SORPA

## SORPA óskar eftir góðu fólki

### Starfsmaður á endurvinnslustöð

Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Járnabakkar
## Járnabindingavörur

**Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum**

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir



**Vír og lykkjur ehf**

www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027




**Plettac vinnupallar til sölu.
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.**

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com



# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

# RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

# VELDU GÆÐI

## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FLUGUVEIÐIHJÓLUM



### NAUTILUS X
Sennilega langbestu kaupin
Verð frá 39.900 kr.



### NAUTILUS CCF
Mögnuð tvíhenduhjól
Verð frá 95.900 kr.



### LOOP EVOTEC
Allir þekkja Loop-gæði
Verð frá 56.900 kr.



### LOOP OPTI
Sjálfsagt besta hjólið í laxinn
Verð frá 64.900 kr.



### LOOP CLASSIC
Gamli skólinn
Verð frá 99.900 kr.



### EINARSSON PLUS
Íslensk framleiðsla á heimsmælikvarða
Verð frá 59.900 kr.



### ECHO ION OG ECHO BASE
Ódýr en áreiðanleg
Verð frá 7.300 kr.



### LOOP MULTI
Alvöru hjól á betra verði
Verð frá 31.900 kr.

Veiðiflugur

Veiðiflugur | Langholtsvegi 111 | 527-1060 | www.veidiflugur.is


Tobba Marinós ásamt Karli, manni sínum, og Regínu, dóttur þeirra, á Balí. Þau dvöldu fyrst í mánuð á Balí en eftir heimkomu vildu þau snúa aftur og fóru í tvo mánuði í viðbót.

# Allir falla fyrir Balí

Eyjan Balí hefur á örfáum árum orðið vinsæll áfangastaður Íslendinga. Ferðalangar fara til Balí til að stunda jóga, kafa, fara í göngur, slaka á og njóta matar og menningar.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is
Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Ferðasíðan TripAdvisor útnefndi Balí í byrjun árs sem besta áfangastað í heimi á þessu ári. Margir ferðalangar hafa heillast af eyjunni og eru Íslendingar svo sannarlega þar í flokki. Davíð Sigurþórsson kafari, Tobba Marinósdóttir fjölmiðlakona og Þórhildur Þorkelsdóttir fréttamaður segja frá eyjunni sólríku og gefa góð ráð.

### Eins og annar heimur

Davíð Sigurþórsson kafari segir Balí henta vel bæði reyndum köfurum og byrjendum og mun stýra fjórtán daga ferð þangað með ferðaþjónustufyrirtækinu Farvel í október. „Þetta er eins og að ferðast í annan heim og ógleymanleg upplifun,“ segir Davíð um þá reynslu að kafa við strendur Balí. „Þarna eru ægifögur kóralrif , með þeim heilbrigðari á heimsmælikvarða, og skrautfiskar af öllum gerðum.

Hvað finnst honum mest spennandi? „Það er svo margt að sjá, fyrir utan að þetta eru einhverjar fegurstu slóðir sem er hægt að kafa á og aðstæður hinar þægilegustu. Þá er hægt að kafa að sögufrægum skipsflökum. Það er magnað að sjá stóra skötu fara hjá og furðufiskurinn mola mola er ógleymanleg sjón. Ég held ég geti fullyrt að hver einasta manneskja verði fyrir nokkurs konar hugljómun við það að kafa. Sjá þennan hulda heim sem við búum þó í,“ segir Davíð sem talar af reynslu því hann bjó og starfaði sem köfunarkennari og fararstjóri í Suðaustur-Asíu um árabil. „Þetta er miklu minna mál en fólk heldur og alveg kjörið að læra að kafa við þessar aðstæður,“ segir hann frá.

Davíð segir fjölbreytileika Balí líklega það sem heilli ferðalanga mest. „Það er framandi menningin og lífið á Balí. Fólkið þarna er einstakt, vingjarnlegt og afslappað. Náttúran er stórkostleg og þótt Balí sé fjölsóttur ferðastaður þá eru þarna margar nánast ósnortnar perlur og verðlagið frábært. Ég get nefnt sem dæmi strandlengjuna Amed sem er á Norðaustur-Balí. Þar eru nokkur sjávarþorp sem eru ekki fjölsótt af ferðamönnum, þar er meginuppistaða ferðaþjónustu köfun og lítið um djamm eða næturlíf. Til þess eru aðrir staðir í nágrenninu,“ segir Davíð.

### Ubud í uppáhaldi

Þorbjörg Marinósdóttir fjölmiðlakona, betur þekkt sem Tobba, er sérstök áhugakona um Balí og hefur á síðustu árum orðið ráðgjafi fyrir marga sem eru að fara þangað. Hún fór fyrst til Balí í fæðingarorlof árið 2015 ásamt Karli Sigurðssyni manni sínum og Regínu dóttur þeirra og áætlar að síðan þá hafi hún veitt hátt í 200 Íslendingum ráðgjöf sem vildu ferðast þangað.

„Við fórum fyrst í mánuð og ástæðan fyrir því að við völdum Balí var að mjög margt fólk í kringum okkur sagði Balí stórkostlegasta staðinn sem þau höfðu komið á. Þannig að við ákváðum að skella okkur þangað þegar Regína var sex mánaða,“ segir Tobba.

„Svo komum við heim og mér leið bara alveg ömurlega þannig að við fórum í það að koma okkur aftur út. Við fundum okkur verkefni og litla systir mín kom með til að passa svo við gátum unnið í okkar verkefnum. Þá vorum við í tvo mánuði. Þannig að þegar Regína var eins árs hafði hún dvalið þrjá mánuði á Balí.

Ég er að fara aftur í október með skipulagða ferð og það er nánast uppselt í hana þannig að það er greinilega mjög mikill áhugi á Balí,“ segir hún.

Tobba segir að ýmsu að huga ef ferðast er til Balí, sérstaklega með börn. Þar sé öðruvísi menning en á Íslandi hvað börn varðar, það sé til dæmis sjaldgæft að sjá barnakerrur eða barnastóla þar sem Balíbúar halda gjarnan á börnum sínum.

„Við höfum dvalið mest í Ubud sem er listamannaþorp,“ segir Tobba, sem hefur gríðarlega góða reynslu af þeim stað. „Svo höfum við farið á meiri ferðamannastaði við ströndina og það er í eina skiptið sem við lentum í því að vera snuðuð.

Ég er rosalega hrifin af Ubud. Ég er ekki strandafíkill og þarna ertu með hreinar og fallegar sundlaugar. Þarna er æðislegur matur og ofboðslega gott fólk og fallegir listmunir. Þar er mjög ódýrt að vera, á besta steikarstaðnum kostar steikin 1.100 krónur,“ segir Tobba.

**SVO KOMUM VIÐ HEIM OG MÉR LEIÐ BARA ALVEG ÖMURLEGA ÞANNIG AÐ VIÐ FÓRUM Í ÞAÐ AÐ KOMA OKKUR AFTUR ÚT.**


Neðansjávar er margt að sjá.


Þórhildur Þorkelsdóttir fréttakona í Indónesíu.


Þórhildur Þorkelsdóttir fréttakona ásamt vinkonu sinni í Indónesíu. Þær ferðuðust víða á þremur vikum.



Friðsæld við ströndina.



Köfun við strendur Balí þykir magnað ævintýri.

**Balí góð fyrir veskið**

Hún segir gott fyrir veskið að vera á Balí. „Það er dýrt að koma sér út en mjög ódýrt að lifa þarna,“ segir Tobba. Nóg sé þar um að vera. „Það er mjög mikið um ofboðslega góð matreiðslunámskeið, maður lærir að elda karrírétti og alls konar hrísgrjónarétti. Það er líka mikið um jóga og dans, sem og ofboðslega fallegar gönguleiðir.“

Tobba lýsir allt öðruvísi hugarfari á Balí en á Íslandi. Hún sagði til dæmis upp vinnunni á Íslandi þegar hún sat í núðlusjoppu því henni leið eins og hún þyrfti að vinna minna og njóta meira. „Fólk endurmetur oft líf sitt á Balí því þar er allt öðruvísi hugsunarháttur. Það skiptir ekki máli hvað þú átt heldur hvernig þú hagar þér og hvað þú ætlar að fá út úr lífinu. Þarna gerirðu bara það sem þú nennir að gera og ef það gleymist þá bara gleymist það.“

Margir sem Tobba hefur aðstoðað hafa farið í fæðingarorlof til Balí. Hún bendir fólki á sem hefur áhuga á að fara þangað að það þurfi að fara í ákveðnar sprautur áður og því ekki mælt með að börn fari fyrr en eftir sex mánaða skoðun. Einnig sé sniðugt að taka með ákveðinn barnamat héðan þar sem tíðkast mest að börn borði avókadó og banana úti. Svo sé mjög sniðugt að panta sér barnarúm fyrirfram fyrir langa flugið út, en það er oft í boði í stærri vélum. „Ég myndi svo mæla með að fólk nái að redda sér Deet spreyi út af moskítóflugunum.“

Að lokum bendir Tobba á að þó að lítið mál sé að vera í lengri tíma á Balí fái maður bara 30 daga leyfi í einu þar. „Til að vera lengur þarftu annaðhvort að redda þér vísa eða fljúga til Singapúr sem tekur 1,5 tíma og dvelja þar í nokkra daga og koma svo aftur.“

**Mælir með að heimsækja hinar eyjarnar**

Þórhildur Þorkelsdóttir, fréttakona á Stöð 2, fór í þrjár vikur til Indónesíu í byrjun 2016 og ferðaðist um með vinkonu sinni. Hún var hrifin af Balí en hvetur fólk eindregið til að skoða aðrar eyjar Indónesíu.

„Við fórum til Balí og vorum á nokkrum stöðum þar en fórum svo á aðrar eyjar líka. Mig var búið að langa til að fara til Balí mjög lengi, ég hafði heyrt fólk tala vel um eyjuna og veðrið og landslagið heillaði mig,“ segir Þórhildur.

Hún segir staðinn hafa algjörlega staðist væntingar. „Mér fannst gaman á Balí en mér fannst hinar eyjarnar samt meira ævintýri, sérstaklega Lombok. Þar er brimbrettaparadís og þar er hægt að fara í skemmtilegar göngur og skoða afskekkt svæði.

Eyjarnar í kring um Balí stóðu í rauninni upp úr hjá okkur. Það er auðvelt að fara þangað, það eru bara nokkurra klukkustunda bátsferðir,“ segir Þórhildur.

„Ég hef ferðast dálítið um Suðaustur-Asíu og helsti munurinn á þeim löndum og Balí er að fólkið er svo yndislegt á Balí. Þeir trúa að þeir verði verðlaunaðir fyrir hvernig þeir koma fram við náungann. Það er svo gott fólk þarna og ef maður hefur áhuga á því er auðvelt að kynnast innfæddum,“ segir Þórhildur.

Hún lenti í því að týna veskinu sínu á bar á Gili-eyjum og þegar hún kom aftur tveimur dögum seinna var henni skilað því með öllum kortum og peningum ofan í. „Barþjónninn spurði mig bara hvar ég hefði verið og sagðist vera búinn að bíða eftir mér þar sem ég hefði týnt veskinu.“

Þórhildur segir eitt mest spennandi við svæðið vera hve fjölbreytt afþreying sé í boði. „Það er hægt að fara í svaka jógaafslöppunarferð eða vera mjög aktívur, fara í fjallgöngur, alls konar göngur, í kajakróður og að snorkla. Svo er hægt að vera í algjörri afslöppun og með börn þarna.“



Davíð Sigurþórsson kafari er hrifinn af köfun við Balí.




#RHCPICELAND







pepsi MAX

**UPPFÆRÐAR UPPLÝSINGAR UM TÓNLEIKANA MÁ FINNA HÉR:**
· Spurt og svarað: **sena.is/rhcpfaq** · Dagskrá og skipulag: **sena.is/rhcpinfo**

# GÓÐA SKE




## **DAGSKRÁ** KVÖLDSINS

18.30 HÚSIÐ OPNAR

20.00 FUFANU

21.00 RED HOT CHILI PEPPERS

22.30 ÁÆTLAÐUR ENDIR*

*DAGSKRÁIN GETUR RIÐLAST OG ER BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR

---

## **GAGNLEGAR** UPPLÝSINGAR

---

· Ekkert aldurstakmark er á tónleikana.

· Tix.is og Miði.is verða í Höllinni á tónleikadegi frá kl. 18.30 að afhenda og selja miða.

· Dirty Burger and Ribs og Reykjavík Chips verða á staðnum að selja borgara og franskar.

· Pallur fyrir hjólastóla er inni á A svæði en nóg er fyrir fólk í hjólastólum að kaupa miða á svæði B til að fá aðgang að hjólastólapallinum. Hver og einn má taka með sér einn fylgdarmann sem einnig þarf aðeins miða á B svæði til að fá aðgang að hjólastólapallinum.

· 8 sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru við húsið. P-merki, stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, veitir heimild til að leggja í þau. P-merkið skal vera sýnilegt í framrúðu bílsins.

· Ósótta miða má nálgast í Höllinni frá kl. 18.30. Miðasölubásar frá seljendum verða á staðnum. Tix afgreiðir miða sem keyptir voru hjá þeim og Miði.is afgreiðir bæði miða sem voru keyptir hjá þeim og hjá Songkick aðdáendaklúbbnum.

· Fatahengi verður á staðnum.

· „Official" varningur frá Red Hot Chili Peppers verður til sölu; peysur, bolir, húfur og margt fleira.

### **VINSAMLEGAR** ÁBENDINGAR

· Allir hlutir sem gætu valdið skaða eða tjóni eru bannaðir, t.d. hnífar, skæri, kollar eða regnhlífar.

· Ekki er leyfilegt að koma með drykkjarföng eða mat inn á svæðið.

· Myndavélar og upptökubúnaður er með öllu bannaður.

· Við hvetjum alla til að sækja miðana sína til Tix eða Miða.is fyrir tónleikadag til að forðast raðir á staðnum. Songkick miða skal sækja til Miða.is.

MMTUN!

FÁIR MIÐAR EFTIR Í A SVÆÐI. ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR Í B SVÆÐI. MIÐASALA Á MIDI.IS/RHCP OG TIX.IS/RHCP.

**SENA.IS/RHCP · REDHOTCHILIPEPPERS.COM**

sena LIVE!



## Merkisatburðir

**1030** Stiklastaðaorusta er háð í Noregi. Ólafur digri er veginn og er upp frá því nefndur Ólafur helgi.

**1907 Friðrik 8. Danakonungur** kemur í heimsókn til Íslands.

**1934** Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar tekur við völdum.

**1957** Alþjóðakjarnorkumálastofnunin er stofnuð af Sameinuðu þjóðunum.

**1977** Þýskur bankaræningi, sem er eftirlýstur erlendis, er handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk.

**1985** Í Þorlákshöfn er vígð kirkja í minningu Þorláks biskups Þórhallssonar.

**2011** Stjórnlagaráð afhendir Alþingi formlega frumvarp sitt að nýrri stjórnarskrá.

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*


ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Það sem skiptir mestu máli til að komast alla leið er að æfa vel og fara ekki of hratt svo að skrokkurinn endist alla leið," segir Sólveig. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY ELÍASDÓTTIR

# Að hlaupa úti í víðáttunni fyllir mig frelsistilfinningu

**Sólveig Guðlaugsdóttir varð 35. í röðinni af 138 konum sem luku Laugavegshlaupinu í ár. Hún fór hraðar yfir en konur í flokki 60-70 ára hafa áður gert frá því hlaupin hófust árið 1996. Hún byrjaði seint að iðka hlaup en býst við að „gutla" í þessu sporti eitthvað áfram.**

Mér leið betur eftir hlaupið núna en í fyrra og var ekkert eftir mig. Fór beint og fékk mér að borða eitthvað sem boðið var upp á inni í tjaldi en auðvitað var ég smástund að ná mér niður," segir Sólveig Guðlaugsdóttir eftir að hafa hlaupið hinn 55 kílómetra langa Laugaveg, milli Landmannalauga og Þórsmerkur, á 7:16:01, og sigraði í flokki kvenna á aldrinum 60-69 ára. „Ég varð stolt eftir á þegar Ármann, mágur minn, benti mér á að ég hefði slegið brautarmet," viðurkennir hún. „Gamla metið er frá 2009 og mismunurinn nemur 25 mínútum."

Hún segir þó ekki hafa verið kjöraðstæður í ár. „Það var bölvað rok í fangið meira og minna alla leiðina og svo komu svaka dembur. Margir flottir hlauparar héldu ekki fyrri tímum sínum." En hljóp hún í einum spretti? „Ég stoppaði á drykkjarstöðum og fékk mér vatn, annað ekki. En ég gekk upp brekkur. Hækkun á Laugaveginum í heild er um 1.900 metrar, ef hún er tekin saman. Mestu brekkurnar eru upp í Hrafntinnusker en svo eru þær víða á leiðinni."

> **Helsta vandamálið hjá mér er að mér finnst svo gaman og ég gæti farið miklu hraðar stóran part af vegalengdinni en veit að þá mundi ég ekki duga alla leið. Maður getur skemmt sig á því að muna ekki hvað maður er að gera. Þannig að aðalatriðið er að hafa kollinn í lagi.**

Sólveig kveðst hafa þjálfað sig markvisst fyrir hlaupið frá því í janúar ásamt eiginmanninum Ingvari Kristinssyni. „Við hlupum Laugaveginn í fyrra líka, þá var ég bara ekki orðin nógu gömul! Mér gekk mun betur núna enda höfum við haldið okkur við, en vorum tiltölulega róleg frá september til janúar, svo fórum við að taka á því. Lengsta vegalengd sem við förum núna fyrir hlaupið voru tæpir 37 kílómetrar í einu," lýsir Sólveig og nefnir Heiðmörkina og leiðina upp og niður Esju meðal æfingastaða. „Tvisvar höfum við líka hlaupið frá Gígjukvísl á Skeiðarársandi upp í Bæjarstaðarskóg og þaðan í Skaftafell."

Langhlaup kveðst Sólveig ekki hafa farið að iðka fyrr en eftir fimmtugt. „Það má segja að ég sé búin að hlaupa styttri vegalengdir í níu ár. Ég ætlaði að ganga á Hvannadalshnjúk 2008 en varð að snúa við vegna veðurs. Var búin að þjálfa mig fyrir gönguna og vildi svo halda mér í því formi sem ég þóttist vera komin í. Þá fór ég að hlaupa og Ingvar kom fljótlega með mér. Við höfum tekið rólega tíma af og til en þó alltaf getað hlaupið 10 kílómetra án þess að stoppa. Mér finnst þetta ótrúlega góð og skemmtileg hreyfing og verð ábyggilega gutlandi í þessu sporti eitthvað áfram. Ég er ekkert í keppnum úti um allar jarðir og finnst miklu skemmtilegra að hlaupa annars staðar en á malbikinu. Að hlaupa úti í víðáttunni fyllir mig frelsistilfinningu. Helsta vandamálið hjá mér er að mér finnst svo gaman og ég gæti farið miklu hraðar stóran part af vegalengdinni en veit að þá mundi ég ekki duga alla leið. Maður getur skemmt sig á því að muna ekki hvað maður er að gera. Þannig að aðalatriðið er að hafa kollinn í lagi." **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 29. JÚLÍ 1981

# Brúðkaup í beinni en óhamingjusamt hjónaband

Þann 29. júlí árið 1981 fór fram brúðkaup Karls Bretaprins og lafði Díönu Spencer að viðstöddum 3.500 gestum í St. Pauls dómkirkjunni í Lundúnum og í beinni sjónvarpsútsendingu um allan heim og er áætlað að 750 milljón manns hafi fylgst með útsendingunni. Sumarið eftir brúðkaupið fæddist fyrsta barn þeirra hjóna, drengurinn Vilhjálmur, en Harry bróðir hans um haustið 1984.

Hjónaband þeirra Karls og Díönu var alla tíð undir stöðugu eftirliti fjölmiðla sem fylgdu þeim um hvert fótmál eins og þeim framast var unnt. Á þeim tíma ávann Díana sér miklar vinsældir á meðal almþýðufólks, ekki aðeins í Bretlandi heldur víða um veröldina, og var hún af því tilefni oft kölluð prinsessa fólksins. Frjálsleg og óþvinguð framkoma hennar var grunnurinn að þessum vinsældum en þessi sama hegðun leiddi hins vegar af sér töluverðar óvinsældir og óánægju innan konungsfjölskyldunnar. Þessi togstreita vakti mikinn áhuga fjölmiðla um allan heim og jók enn á álagið í hjónabandi sem fyrir var líkast til allt annað en farsælt og hamingjuríkt.

Almennt er talið að Karl Bretaprins hafi frá því snemma í hjónabandi þeirra Díönu átt vingott við Camillu Parker Bowles, en hún er núverandi eiginkona hans. Þetta hafi leitt til þess að Díana hafi einnig átt vingott við menn utan hjónabandsins og leiddi þetta ástand til þess að hjónabandið var í molum undir lok níunda áratugarins. Á þessum árum einbeitti Díana sér að góðgerðarstarfi og var meðal annars ötul baráttukona fyrir því að jarðsprengjur yrðu bannaðar með öllu í hernaði. Þetta starf Díönu jók enn á vinsældir hennar á meðal almennings en á sama tíma naut hún alls annars en vinsælda á meðal bresku konungsfjölskyldunnar.

Skilnaður Karls og Díönu varð þó ekki formlegur fyrr en árið 1996 en í ágúst árið 1997 lenti Díana í bílslysi í París síðla kvöld, ásamt elskhuga sínum Dodi Al Fayed, og létust þau bæði samstundis. Lafði Díana var harmdauði milljónum manna um allan heim enda bauð hún alla tíð af sér einkar góðan þokka og vann að auki ötullega að ýmsum góðgerðarmálum fyrir þá sem minna mega sín. Sumir hafa gengið svo langt að setja fram vafasamar samsæriskenningar um dauða Díönu og hafa einkum fyrrverandi eiginmaður hennar og tengdafaðir, Filip prins, verið nefndir í því samhengi. **– mg**



**Díana prinsessa af Wales og Karl Bretaprins eftir brúðkaup þeirra í St. Paul's dómkirkjunni.** NORDICPHOTOS/GETTY



Kærar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall móður okkar,

**Sigríðar B. Pálsdóttur**

Vallargerði 39, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til þeirra er heimsóttu hana að sjúkrabeði, starfsfólks deildar A-6, prestsins sr. Gunnars Sigurjónssonar, tónlistarfólks og útfararstofu Svafars og Hermanns er gerðu útförina að fallegri og eftirminnilegri stund.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ólöf Guðmundsdóttir Huber**
**Kristín Helga Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Páll Guðmundsson**
**tengdabörn og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Gísli Ebbi Sigtryggsson**

skipstjóri,

lést að morgni sunnudagsins 16. júlí. Útför hans fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 31. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Karitas, heimahlynningar.

**Halldóra Kristín Þorláksdóttir**
**Gylfi Guðbjörn Guðjónsson — Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Guðjón Guðjónsson — Guðrún Soffía Pétursdóttir**
**Hjálmfríður Guðjónsdóttir — Sævar Berg Ólafsson**
**Bryndís Björk Guðjónsdóttir — Gunnar Þór Gunnarsson**
**Anna Dröfn Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður Þórarinsdóttir**

Lækjargötu 26, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi þann 26. júlí sl. Útförin verður auglýst síðar. Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs fyrir alúð og hlýju við umönnun í veikindum hennar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ingi Þór Þorgrímsson — Margrét Jóna Jónsdóttir**
**Sigrún Björg Þorgrímsdóttir**
**Helgi Marteinn, Guðlaugur, Jóhann Óli,**
**Elísabet María og Katrín Þórey Ingabörn,**
**Húnbogi Bjartur, Hulda Rún, Sóley Rut,**
**Þorgrímur Lee og Thea Willis**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Skarphéðins Valdimarssonar**

Sóltúni 9.

Starfsfólki Landspítalans og Landakots þökkum við kærlega fyrir góða umönnun og hlýju.

**Hildur Ágústsdóttir**
**Ragna Dúfa Skarphéðinsd. — Guðmundur Kjalar Jónsson**
**Ágúst Skarphéðinsson**
**Jóhann Þröstur Skarphéðinsson**
**afabörn og langafabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Þórhallssonar**

bókbindara.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu Reykjavík, Miklatorgi, fyrir góða umönnun.

**Magnea Guðmundsdóttir — Kjartan Ólafsson**
**Guðjón Guðmundsson — Elísabet Sigurðardóttir**
**Rannveig S. Guðmundsdóttir — Þorgrímur Guðmundsson**
**Þórhallur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**Gunnsteins Magnússonar**

flugumferðarstjóra,
Fróðengi 5,
áður Sörlaskjóli 32, Reykjavík.

**Ingibjörg Bjarnadóttir — Hannes Erlendsson**
**Ágúst Bjarnason — Guðrún C. Emilsdóttir**
**Guðrún Bjarnadóttir — Valur Valtýsson**
**Inga Dóra Jónsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Ingvi Vigfússon**

lést 20. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Skógarbæ, sími 510 2141.

**Kristín Samúelsdóttir**
**Svavar Magnússon — Margrét Harðardóttir**
**Samúel Páll Magnússon — Inga Erna Hermannsdóttir**
**Ingvi Magnússon — Helga Tómasdóttir**
**Hrund Magnúsdóttir — Sigþór Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn,

**Kristján Jóhann Ólafsson**

húsgagnabólstrari,

lést á heimili sínu þann 26. júlí síðastliðinn.

**Jórunn Anna Sigurjónsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Sigríðar Jóhönnu Sigurðardóttur**

Skálahlíð 13, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk 12B og 14E/G á Landspítalanum fyrir einstaka umhyggju og elskulegheit.

**Ásthildur Sigurðardóttir**
**Snorri Sigurðsson — Sjöfn Friðriksdóttir**
**Jón Sigurðsson**
**Arndís Sigurðardóttir — Benóný Benónýsson**
**frændsystkini.**



Hjartanlegar þakkir til ykkar allra fyrir auðsýnda samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför dóttur okkar, dótturdóttur, systur og mágkonu,

**Lilju Sturludóttur**

Bólstaðarhlíð 16.

**Sturla Þórðarson — Ásta Garðarsdóttir**
**Lilja Jónsdóttir**
**Kjartan Sturluson — Kristín Gunnarsdóttir**
**Halldór Sturluson — Heba Eir Jónasdóttir Kjeld**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingunn Sigurðardóttir**

frá Vestmannaeyjum,
Hlíðarhúsum 7,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 11. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 2. ágúst klukkan 15.

**Sigrún Þorsteinsdóttir — Ólafur Sigurðsson**
**Þorsteinn Ingi Kristjánsson**
**Kristín Eva Kristjánsdóttir**
**Arnar Berent Sigrúnarson**
**Katla Dimmey Þorsteinsdóttir**
**Daníel Berent Rink**



Davíð
útfararstjóri

Óli Pétur
útfararstjóri
ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is

# Miklar hugsjónir bak við þessa sýningu

**Fjórtán vel þekktir listamenn eru í óðaönn að undirbúa sýninguna Hverfing í Verksmiðjunni á Hjalteyri sem opnuð verður 3. ágúst. Að sögn Rúríar, sem þar er meðal þátttakenda, verður sýningin stór í sniðum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Þessi mynd varð til sem hliðarafurð þar sem Deborah Butterfield var að vinna sitt verk. MYND/ANNA MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR

Titill sýningarinnar, Hverfing er nokkurs konar þema. Allir hafa listamennirnir sem taka þátt í henni unnið að einhverju leyti, eða miklu, með samband manns og náttúru og breytingarnar í náttúrufari út af hnattrænni hlýnun sem er hvati margra verkanna,“ segir myndlistarmaðurinn Rúrí um það sem í vændum er í Verksmiðjunni á Hjalteyri. „Það eru miklar hugsjónir bak við þessa sýningu,“ segir hún og bendir á að listin hafi oft fjallað um brýn málefni. Segir hópinn blandaðan sem að viðburðinum standi og eiga misjafnlega langa sögu að baki innan myndlistarinnar. Einnig sé mismunandi tækni viðhöfð við listsköpunina.

**BREYTINGARNAR Í NÁTTÚRUFARI ÚT AF HNATTRÆNNI HLÝNUN ERU HVATI MARGRA VERKANNA.**

„Sýningin kemur þannig til að Þórdís Alda og fleiri innan hópsins hafa rætt um að það væri gaman að sýna saman og Hjalteyri kom upp í hugann því þar eru stórir og miklir salir sem henta fyrir stórar innsetningar. Staðsetning Verksmiðjunnar á þessari friðsælu eyri, þar sem hráslagaleg byggingin stendur sem minnisvarði um uppgang síldaráranna gefur mjög sterka tilvísun fyrir þessa sýningu og það tókst mjög gott samstarf við forráðamenn þar,“ segir Rúrí og lýkur lofsorði á þá sem koma að verkefninu. „Jessica Stockholder er þekkt nafn innan listaheimsins og sama er um Deborah Butterfield að segja, bara svo ég nefni einhverja. Stockholder hefur sýnt hér á landi einu sinni áður með okkur Þórdísi Öldu Sigurðardóttur, Önnu Eyjólfs og Ragnhildi Stefánsdóttur. Mary Ellen Croteau hefur unnið með gagnrýna list í áratugi og hefur sýnt í tvígang áður á Íslandi. Alex Czetwertynski hefur hins vegar aldrei sýnt hér áður. Íslensku listamennirnir eru allir vel þekktir og hafa sýnt víða. Pétur Thomsen hefur til dæmis hlotið margar viðurkenningar fyrir sína list erlendis. Hér eru engir aukvisar og verkin verða mjög athyglisverð.“

Sjálf verður Rúri með stór kort sem heita Future Cartography. Þar sést hvernig strendur landa geta breyst í framtíðinni. „Þetta eru framtíðarkort sem byggja á raunverulegum kortagrunnum og spám vísindamanna,“ lýsir hún.

**STAÐSETNING VERKSMIÐJUNNAR Á ÞESSARI FRIÐSÆLU EYRI, ÞAR SEM HRÁSLAGALEG BYGGINGIN STENDUR SEM MINNISVARÐI UM UPPGANG SÍLDARÁRANNA GEFUR MJÖG STERKA TILVÍSUN FYRIR ÞESSA SÝNINGU.**

Verkin eru misjafnlega mikið tilbúin nú að sögn Rúríar. „Hópurinn hefur haldið til í vinnubúðum í Héraðsdal í Skagafirði hjá Þórdísi Öldu,“ segir Rúrí. „Útlendingarnir eru í vandræðum því þeir geta ekki farið að sofa fyrir náttúrufegurð.“

Sýningin verður opnuð 3. ágúst klukkan 17 og stendur til 3. september. Sýningarstjóri er Pari Stave.



Mary Ellen Croteau og Rúrí spá í aðstæður í Verksmiðjunni. MYND/PARI STAVE

## Listamennirnir sem sýna verk sín:

- Alex Czetwertynski
- Anna Eyjólfsdóttir
- Deborah Butterfield
- Emma Ulen Klees
- Gústav Geir Bollason
- Hunter Buck
- Jessica Stockholder
- John Buck
- Kristín Reynisdóttir
- Mary Ellen Croteau
- Pétur Thomsen
- Ragnhildur Stefánsdóttir
- Rúrí
- Þórdís Alda Sigurðardóttir

# Fjörugt ferðalag um hugmyndaheim og samfélag

**BÆKUR**

**Stofuhiti**
**ritgerð um samtímann**
★★★★☆

**Bergur Ebbi**

**Útgefandi:** Mál og menning
**Prentun:** Nørhaven, Danmörku
**Síðufjöldi:** 218
**Kápuhönnun:** Bergur Ebbi og Halla Sigga

Það er ekki lítið verk að greina samtíma sinn. Að skoða eðli og hegðun heillar kynslóðar í vestrænu samfélagi út frá sér og sínum án þess að falla í freistni sjálfsupphafningar á tímum þar sem sjálfið virðist vera upphaf og endir alls í samfélagi þar sem þorri fólks býr við kjöraðstæður. Við stofuhita.

Á vordögum kom út bókin Stofuhiti, ritgerð um samtímann, eftir Berg Ebba. Það er reyndar lýsandi fyrir samtímann sem og kynslóð höfundar að hann er uppistandari, framtíðarfræðingur, lögfræðingur, pistlahöfundur og svo auðvitið líka allt þetta persónulega á borð við eiginmaður, faðir, sonur og þannig mætti áfram telja. Og það er í veröld allra þessara ólíka hlutverka samtímans, sem okkur finnst á öllum tímum flókin, sem Bergur Ebbi leitast við að skilgreina umhverfi sitt og samfélag. Bergur Ebbi heldur niðri í sér andanum eins og perlukafari og stingur sér á kaf í samfélagið og skoðar það í krók og kima svo notast sé við einfalda endursögn á hans eigin markmiðum.

En skyldi Bergur Ebbi koma upp á yfirborðið til lesenda sinna með perlur? Það er stóra spurningin og svarið er einfaldlega já. Rannsóknarleiðangur Bergs Ebba er með upphafspunkt í honum sjálfum, sjálfsskilgreiningunni, og fyrir vikið er könnunin að stórum hluta út frá lífi og viðmiðum hans kynslóðar. Bergur Ebbi er




fæddur 1981 og hann tilheyrir því einni af fyrstu kynslóðum samfélagsmiðlanna þar sem veruleiki netsins er órjúfanlegur hluti heildarinnar, hluti af því hvernig við skilgreinum okkur, umhverfi okkar og samfélag. Að höfundur velji að nýta sjálfan sig sem upphafspunkt samfélagslegrar skoðunar er þó í senn bæði kostur og galli verksins.

Kostur þar sem fólk og hversdagslegt líf þess er forvitnilegt og það er ekki síst á þeim persónulegu nótum sem uppistandarinn fær að njóta sín og skemmta lesandanum eins og honum einum er lagið. Á þessum persónulegu nótum, t.d. í lýsingum á föður sínum og ömmu, tekst Bergi Ebba líka vel upp, sem skilar honum innilegra sambandi við lesandann. En þessi nálgun er líka galli þar sem þetta takmarkar rannsóknina talsvert, þrengir sjónsvið þess sem skoðar og einfaldar kannski helst til mikið þær kynslóðir sem standa höfundi fjær.

Það er mikil orka í frásögn og greiningunni Bergs Ebba, jafnvel svo að á stundum veður kannski helst til mikið á frásögninni þó svo stíllinn sé á heildina litið ljómandi góður en hann minnir óneitanlega á framsöguform á stórum köflum. Kannski er þar uppistandarinn að verki en í heildina er Stofuhiti að mörgu leyti byggð upp eins og ferðabók. Ferðalag um samfélag og hugmyndaheim höfundar og hans kynslóðar. Niðurstaða úr einni könnun markar lok kafla og upphaf næstu skoðunar og eðli verksins er þannig að það er best að lesa það í áhlaupi. Fara með í ferðalagið fremur en að koma þar við svona af og til og þá er óhætt að lofa lesendum bráðskemmtilegu ferðalagi og auknum skilningi á samtíma og samfélagi. **Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Bráðskemmtilegt ferðalag um samfélag og samtíma höfundar sem á framtíðina fyrir sér.

# GÓÐ BÓK, GÓÐUR DAGUR




**10 ráð til betra og lengra lífs**
VILDARVERÐ: 2.299.-
Verð: 2.999.-




**Með lífið að veði**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.499.-




VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-




**Saga af hjónabandi**
VILDARVERÐ: 3.099.-
Verð: 3.999.-




**Nei, hættu nú alveg!**
VILDARVERÐ: 1.529.-
Verð: 1.999.-

**Fjallið**

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG KL. 15:00
AUSTURSTRÆTI




**Níunda gröfin**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.899.-




**Ítalskir skór**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-




**Ævintýri og sögur frá Nýja Íslandi**
VILDARVERÐ: 4.399.-
Verð: 5.999.-




**Konan í dalnum og dæturnar sjö**
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 31. júlí, eða meðan birgðir endast. Vildarverð á "Konan í dalnum" og "Ævintýri og sögur frá Nýja Íslandi" gilda út 31. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

## LÁRÉTT

**1** Mjólkurmatur morkinnar hafkerlingar (11)
**11** Skola skoru fífldjarfra Spartverja (10)
**12** Finn glóð í þeirri sem liðugust er og fljótust að rjúka upp (11)
**13** Normin eru í rugli og gilda ekki um riðkvarnir (10)
**14** Hrun vatnsfalla orsakar straumkast (9)
**15** Ár hinnar dýru ferskvatnsgersemar (11)
**16** Tonn af tuddum í halarófu (9)
**17** Jaki gætir ákveðinna rangala undir Jökli (10)
**19** Rugl um fonta spillir nytjum (7)
**23** Það sem ég man af öllu sem ég man? (9)
**27** Rek karlana til útlanda með trúnaðarbréf uppá vasann (12)
**29** Frans, Spánn eða Ítalía? Eða bara Kanada? (7)
**30** Skynja seiðinn sem veldur drætti á trýni (7)
**31** Ýtni tinda rakin til litranna (8)
**33** Æmti út af léreftsskít (7)
**34** Jafn létt er að fella þennan og framleiða (9)
**38** Set fornt harpix í stamp og mjúkmálm með, og úr verða fínustu jólaljósin (9)
**40** Nota sama hljóðfall til að skapa dæmalaust listaverk (8)
**44** Heiðskír himinn fyrir utan nokkrar tásur (3)
**45** Tími kærleikans í kjölfar góðærisins (11)
**46** Spyr um starf menntastofnunar (8)
**47** Um rétta lausn erlendrar netslóðaskammstöfunar (3)
**48** Ringlaðar þursamurtur rakalitlum klæðum sem bíða járnsins (11)
**49** Fósturdauði meðal áa; ástæðan er samnefndur sjúkdómur (8)

## LÓÐRÉTT

**1** Þessi draugur hræðir alla, ásýnd þeirra sannar það (16)
**2** Hinum nafnlausu til ánægju gef ég það sem gleður (11)
**3** Skyldi það kallast lögur, þetta sjóðandi sull? (9)
**4** Þetta útigangshross kalla ég Ísfaxa (9)
**5** Gefum góðum gerði fjár (9)
**6** Verð á sælgæti er fáránlega lágt (9)
**7** Held ég bíti í brúnaljós í einum grænum (10)
**8** Breyttist þá kagginn í útkíkkið sjóliðans (10)
**9** Hefur heittelskuð sálina og sækjandann? (10)
**10** Sé her niðri við sundruð bælin (8)
**18** Varð móður af þessu en blés svo mæðinni (9)
**20** Ofn hitar uns allt brennur yfir (8)
**21** Viðfang ævisögunnar breytti henni (8)
**22** Ílátið er íþróttin (6)
**23** Hinn smurði gekk til ástarleikja (6)
**24** Vinna vatn úr kaffihlandi (7)
**25** Getur ofkæling orðið utan kalda? (7)
**26** Ferlirit Ödda minnir á kirkjugarðsstarfsmann (7)
**28** Fólk í ljóðum nýtur kóngadrápa (10)
**32** Turnuðu þeim sem dedúuðu við hlutina (7)
**35** Sumar vísbendingar eru ekki snúnar (6)
**36** Sitjum skjálfandi undir þessari möntru (6)
**37** Enn er 49 á undan 50 og strokkbulla líka (6)
**39** Þessi bók fjallar um bor og allt (5)
**41** Týndi frænda heitnum (5)
**42** Hvað skyldi fyrsta merkið standa fyrir? (5)
**43** Hlaut frostbit og féll í ómegin við vatnsból Hafnfirðinga (5)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| H | E | I | L | L | A | N | D | I | | F | | A | | Ó | | | | S | |
| Á | | Ð | | E | | O | | N | Ö | L | D | U | R | S | E | G | G | J | A |
| L | E | R | K | I | T | R | É | N | | Ó | | Ð | | P | | R | | Ó | |
| A | | A | | T | | N | | V | I | Ð | B | J | A | R | G | A | N | D | I |
| N | A | G | G | A | N | A | | E | | H | | Ö | | O | | S | | R | |
| D | | E | | R | | J | | G | R | E | I | F | A | T | I | G | N | A | R |
| A | U | R | K | O | N | U | N | G | | S | | U | | T | | A | | U | |
| L | | L | | R | | R | | I | | T | Y | R | F | I | N | N | | G | |
| E | | A | U | Ð | S | T | Ý | R | Ð | A | | S | | N | | G | R | A | F |
| I | | R | | A | | I | | N | | N | Á | I | N | N | | I | | N | |
| K | A | N | Í | N | A | N | | I | | N | | N | | A | | N | | N | |
| U | | I | | N | | N | E | R | Í | A | | S | T | R | A | N | G | A | R |
| M | A | R | K | A | N | I | R | | M | | S | | I | | F | | R | | |
| | R | | A | | A | | M | | U | P | P | S | T | Y | T | T | U | N | A |
| A | F | T | U | R | S | T | A | F | N | | Á | | I | | A | | N | | G |
| | A | | P | | A | | L | | N | Á | M | S | L | Á | N | A | N | N | A |
| Á | S | T | A | R | H | J | A | L | I | | A | | B | | R | | M | | F |
| | L | | U | | O | | N | | | S | N | I | L | L | I | G | Á | F | U |
| H | Ö | R | K | U | L | E | G | A | | | N | | A | | Ð | | L | | L |
| | K | | A | | U | | A | | B | R | A | U | Ð | K | A | K | A | | L |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist glæpastarfsemi (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 4. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. júlí“.

Lausnarorð síðustu viku var
**FÓTBOLTAKONUR**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |




FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Sonur Lúsífers** eftir **Kristinu Ohlsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Valborg Þorleifsdóttir, Garðabæ.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Christopher Noe (2.451) átti leik gegn Hannesi Hlífar Stefánssyni (2.530) á opna tékkneska mótinu í Pardubice.

**Hvítur á leik**
**20. Dxh5! 1-0. 20...gxh5 21. Hg3+ Kh8 22. Bg7+ Kg8 23. Bf6#.** Vignir Vatnar Stefánsson og Þröstur Þórhallsson urðu efstir og jafnir á Sumarmóti við Selvatn sem fram fór í fyrradag.
**www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis.




## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SJALDGÆF SKIPTING

Í um það bil tvö skipti af hverjum 100.000 spilagjöfum má reikna með að fá tíu spil í einum lit. Sjaldgæft? Jú, en að liturinn innihaldi þrjá efstu er enn sjaldgæfara. Þessi sjaldgæfa uppákoma átti sér stað í bikarleik Garðsapóteks og SFG í annarri umferð bikarkeppninnar. Á öðru borðinu opnaði Þórir Sigursteinsson á einum spaða í norður, Haukur Ingason stökk í 4 hjörtu, Jón Þorvarðarson sagði 5 tígla, Helgi Sigurðsson doblaði og Haukur tók út í 5 hjörtu sem voru dobluð.

Haukur átti ekki í vandræðum með að fá 11 slagi í 5 ♥ dobluðum og þáði fyrir það 850. Á hinu borðinu gengu sagnir þannig að Vignir Hauksson opnaði í norður á einum spaða, Rúnar Magnússon stökk í 4 ♥ og Stefán Stefánsson stökk í 6 ♦ sem Sverrir Þórisson doblaði og það var samningurinn. Stefán spilaði vandað litlum tígli að tígulgosa og gaf aðeins tvo slagi, -100. Garðsapótek vann því 12 impa á spilinu. Leikur þeirra fór 128-89 fyrir Garðsapótek.

**Norður**
♠ KD9842
♥ 9
♦ G4
♣ Á986

**Vestur**
♠ Á103
♥ 76
♦ D1052
♣ G1032

**Austur**
♠ 76
♥ AKDG10865432
♦ -
♣ 5

**Suður**
♠ G5
♥ -
♦ ÁK98763
♣ KD74



## Konráð og félagar á ferð og flugi

260

„Jæja þá, tvær sudoku-gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku-gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku-gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún. montin.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | | | |
| | | 4 | 6 | | 8 | 7 | | |
| 5 | 6 | 2 | | 1 | 7 | | | |
| | | | | | | | 6 | 7 |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 2 | 7 | 9 | | 5 | | 3 | | 1 |
| 1 | 4 | | 3 | 8 | 9 | | | 2 |
| | | 6 | | | | | 3 | 8 |
| | 9 | | 7 | | | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 3 | 8 | | | |
| | | | | 1 | | 9 | | 4 |
| 7 | | 9 | | 4 | 6 | 8 | | |
| 6 | 1 | | | 9 | | | | 7 |
| | | 8 | | | 7 | | 4 | 3 |
| 4 | | | 6 | | 3 | | | |
| | | | | | | | 1 | 9 |
| 9 | | 6 | | 8 | 1 | 4 | | |
| | | | 5 | | | | 8 | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku-gátur hraðar en Kata?

## Brandarar

**Gestur á veitingahúsi:** „Þjónn. Ég vil gjarnan fá það sem maðurinn þarna er að borða.“
